

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRDUM

Bæjarins besta

Föstudagur 19. desember 1997 • 50. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Sextíu menn í lífshættu

-sjá frásögn af frækilegu björgunarafreki á bls. 6

Draugurinn Kambs- móri á Brjánslæk

-sjá grein Ásgeirs Svanbergssonar á bls. 10

Þar gerðum við strákarnir út

-sjá viðtal við listasmiðinn Jón B. Guðjónsson á bls. 12

Ég nýt jólanna í faðmi fjölskyldunnar

-sjá viðtal við sr. Magnús Erlingsson sóknarprest á bls. 14

Aðventukvöldið

-sjá jólasögu Ólafs Helga Kjartanssonar á bls. 22

Smíðar leikföng fyrir unga fólk

-sjá viðtal við Örnólf Guðmundsson á bls. 24



Jólin 1997

Jónas og Kristinn Jón verða bæjarskrifstjórnarforsetar og fá 170 þúsund krónur

Meirihluti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar samþykkti um helgina að Kristinn Jón Jónsson, forseti bæjarstjórnar, og Jónas Ólafsson, formaður bæjarráðs, myndu áfram gegna í sameiningu starfi bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar fram til vors.

Hinn nýi meirihluti bæjarstjórnar hafði lýst því yfir að heimamaður yrði ráðinn bæjarstjóri og að hann yrði ekki úr röðum bæjarfulltrúa. Þessar fyrirætlanir gengu ekki eftir og var Kristinn Jón Jónsson spurður hverju sætti.

Hann vildi ekki upplýsa við hverja var rætt um að taka að

sér bæjarstjórastarfið, en sagði að menn hefðu sett fyrir sig að þurfa að fórna núverandi starfi sínu fyrir stuttan starfstíma í bæjarstjórastólnum. „Það voru einnig aðilar sem spurðust fyrir um starfið, en þegar til átti að taka voru þeir ekki reiðubúnir fyrir svo stuttan tíma. Ég held að úr þessu taki því ekki að nefna þá sem um var að ræða, auk þess sem sumir þeirra óskuðu nafnleyndar.“

Að sögn Kristins hefur verið ákveðið að hann sinni viðveru bæjarstjóra á bæjar-skrifstofunni fyrir hádegi en Jónas Ólafsson eftir hádegi.

Þeir tveir muni síðan skipta með sér öðrum verkum eftir því sem henta þætti.

Aðalglíman við gat á fjárhagsáætlun

Launakjör bæjarstjóranna tveggja til samans verða nokkuð lægri en laun fyrirrennans, Kristjáns Þórs Júlíussonar. Greiðsla fyrir störf þeirra miðast við formennsku í bæjarráði og á að samsvara tólf fundum í mánuði til hvors þeirra. Í krónum talið þýðir þetta að hvor bæjarstjóri hefur um 170 þúsund krónur í laun

á mánuði og er um heildargreiðslu að ræða þar sem allt er innifalið, t.d. bæði orlof og lífeyrissjóður.

Að sögn Kristins Jóns leggst bæjarstjórastarfið ágætlega í hann. „Ég er búinn að vera lengi í bæjarpólitíkinni og þekki í stórum dráttum vel til flestra málaflokka þannig að ég held að þetta verði ekkert vandamál. Jónas hefur einnig mikla reynslu þannig að þetta á allt saman að ganga.“

- Mega bæjarbúar eiga von á einhverjum áherslubreytingum í rekstri sveitarfélagsins með tilkomu nýrra bæjar-

stjóra?

„Nei, ég á ekki von á því. Aðalglíman er við gat sem er á fjárhagsáætlun þessa árs. Um hundrað og fimmtíu milljónir skortir á að endar nái saman og ég sé ekki fram á annað en að vandanum verði mætt með lántöku. Verkfallið í vor með tilheyrandi samdrætti í tekjum er ein ástæðan fyrir fjárlagagatinu. Einnig hafa sölur eigna ekki gengið eftir samkvæmt áætlun og skortir 30 milljónir króna þar upp á. Síðast en ekki síst eru launahækkanir til kennara nú í haust áhrifaþáttur ásamt atvinnuleysi á Þingeyri og um-

framútgjöldum til snjóflóðavarna upp á 20 milljónir króna.“

Hættir Rúnar við að hætta?

- Nú var samþykkt á fundi bæjarstjórnar um daginn að viðræður færu fram við Rúnar Vífilsson, skóla- og menningarfulltrúa og Þórunni Gestsdóttur, aðstoðarbæjarstjóra, um uppsagnir þeirra?

„Þórunn hefur óskað eftir starfslokasamningi, en ég er að vona að Rúnar endurskoði sína afstöðu. Við óskuðum

Lionsklúbbur Ísafjarðar

Endurhæfingardeild FSÍ fær lasertæki að gjöf

Á mánudag færði Lionsklúbbur Ísafjarðar endurhæfingardeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði höfðinglega gjöf í tilefni 40 ára afmælis klúbbsins fyrr á árinu. Um er að ræða lasertæki sem býður upp á margvíslega notkunarmöguleika við endurhæfingu sjúklinga.

Sigurveig Gunnarsdóttir, yfirsjúkraþjálfari endurhæfingardeildarinnar, veitti tækinu viðtöku og færði Lionsmönnum þakkir, en í máli

hennar kom fram að þetta er ekki í fyrsta eða eina skiptið sem þeir koma færandi hendi á Fjórðungssjúkrahúsið.

Sigurveig greindi frá notkunarmöguleikum tækisins og sagði það aðallega notað á stoðkerfi líkamans til að minnka verki, bæði vegna bráðameiðsla og krónískra verkja, en einnig væri hægt að vinna á ýmsum húð- og taugavandamálum með tækinu. Hún sagði tækið vera orkugjafa sem yki blóðflæði

til þeirra staða líkamans sem því væri beint að.

Að sögn Heiðars Guðmundssonar, formanns fjóröflunarnefndar vegna kaupa á lasertækinu, var tækið tekið í notkun í vor á endurhæfingardeildinni, þótt það væri núna fyrst sem formlega afhending færi fram. Tækið var valið í samráði við starfsfólk endurhæfingardeildarinnar og kemur í stað eldra tækis sem orðið var gamalt og úrelt.



Sigurveig Gunnarsdóttir, yfirsjúkraþjálfari endurhæfingardeildar FSÍ, tók við lasertækinu frá Heiðari Guðmundssyni, formanni fjóröflunarnefndar Lionsklúbbs Ísafjarðar vegna tækjakaupanna.

Heiðar vildi koma á framfæri þökkum til allra sem stutt hafa Lionsklúbb Ísafjarðar vegna tækjakaupanna, en hann vildi jafnframt hvetja menn sem vilja komast í góð-

an félagsskap og styðja góð málefni, til að ganga í klúbbinn. Stjórnarskipti fóru fram í Lionsklúbbi Ísafjarðar á dögunum, en í nýrri stjórn eru; Guðmundur Marínósson for-

maður, Garðar Einarsson ritari og Grétar Sigurðsson gjaldkeri. Fyrr stjórn var skipuð þeim; Kristjáni Kristjánssyni, Salmari Jóhannssyni og Kristjáni Pálssyni.

Sex heilbrigðisstofnanir í Ísafjarðarbæ sameinaðar undir einni yfirstjórn

Tvö sveitarfélög íhuga sölu eignarhluta í FSÍ

Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðisráðherra, skipaði með bréfi, dagsettu 28. nóvember, nýja stjórn fyrir sameinaða „Heilbrigðisstofnun, Ísafjarðarbæ“, en tilskipunin er gerð að undangenginni tilnefningu heimamanna og mun gilda fram yfir komandi sveitarstjórnarkosningar. Þar með er staðfest sameining sex stofnana; Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði, Heilsugæslustöðvar Ísafjarðar ásamt útibúum á Suðureyri og í Súðavík, Sjúkraskýlisins og Heilsu-

gæslustöðvarinnar á Þingeyri, Öldrunarstofnunar Önundarfjarðar og Heilsugæslustöðvarinnar á Flateyri. Sameiningin tekur gildi 1. janúar.

Nýja stjórnin leysir af hólmi þrjár stjórnir og fækkar stjórnarmönnum því úr 21 í 7 til 9. Formaður stjórnar er Magdalena Sigurðardóttir, en aðrir í stjórn eru; Sverrir Hestnes, Steinþór Bjarni Kristjánsson og Birkir Friðbertsson. Að auki situr Ingibjörg Sveinsdóttir í stjórninni, tilnefnd af starfsmannaráði.

Eins og greint var frá í blaðinu fyrr í haust, höfnuðu Bolvíkingar hugmyndum um sameiningu heilbrigðisstofnana á norðanverðum Vestfjörðum. Þeir og Súðavíkingar munu vera mjög óhressir með að eiga ekki stjórnarmann í hinni nýju stjórn og benda á að þrátt fyrir allt eigi þessi sveitarfélög enn aðild að Fjórðungssjúkrahúsinu og taki þátt í stofnkostnaði þess. Á fundi bæjarráðs Bolungarvíkur 2. desember s.l. var eftirfarandi bókun samþykkt:

„Bæjarráð Bolungarvíkur mótmælir harðlega afstöðu Heilbrigðisráðuneytisins þar sem tekin er af Bolungarvík, sem er eignaraðili að FSÍ, stjórnarseta í stjórn FSÍ.“

Í rökstuðningi Ólafs Kristjánssonar bæjarstjóra í bréfi til ráðuneytisins, kemur fram að hann telur að verði ekki breyting á ákvörðun ráðuneytisins um skipan í stjórn FSÍ verði sveitarfélögin Bolungarvík og Súðavík að leita réttar síns m.t.t. eignaraðildar.

„Því verður ráðuneytið ann-

að tveggja að hlutast til um að Ísafjarðarbær kaupi eignarhlut Bolungarvíkur (og Súðavíkur), eða endurskoða stjórnarskipun,“ segir Ólafur í bréfinu. Með sameiningunni væntir heilbrigðisráðuneytið þess að stjórnarsýslueiningar verði sterkari og að sameiginlegur kostnaður, svo sem við fjárreiður og innkaup, lækki.

Að sögn Guðjóns Brjánssonar, framkvæmdastjóra hinnar nýju sameinuðu heilbrigðisstofnunar, eru markmið stjórnenda að stuðla að

áreiðanlegri og aðgengilegri heilbrigðisþjónustu á svæðinu og að unnið verði að tengingu heilsugæslunnar innbyrðis þannig að hún verði hæfari og hagkvæmari rekstrareining. Jafnframt á að tryggja fagfólk til starfa og stuðla að stöðugleika í mannahaldi m.a. með sköpun starfsumhverfis samkvæmt nútímakröfum. Guðjón segir að síðast en ekki síst verði unnið að því að fjárframlög til rekstrar heilbrigðisþjónustunnar verði ekki skert umfram það sem orðið er.

Arstjóra Ísafjarðarbæjar gengu ekki upp

Bæjarstjórnar til á mánuði í laun

eftir því að hann drægi upp-
sögn sína til baka og vonum
að hann sjá sér fært að vera
áfram hérna hjá okkur. Hann
fékk góðan frest til að svara
þannig að endanleg niður-
staða liggur ekki fyrir.“

- Er vinna starfshóps um
húsnæðismál grunnskólans
hafin?

„Já, og við stefnum að því
að komast á beinu brautina í
þessu máli sem allra fyrst og
að allar ákvarðanir verði
teknar fyrir vorið.“

- Hvernig er svo andrúms-
loftið í bæjarmálunum þessa

dagana?

„Mér finnst a.m.k. ákaflega
þægilegt andrúmsloft hérna á
skrifstofunni. Ég held að það
þýði ekkert að vera gráta það
sem liðið er, menn verða bara
að einbeita sér að nútíðinni
og framtíðinni.“

Vonar að neikvæðri umræðu linni

- Það er væntanlega kominn
jóla- og nýárshugur í þig eins
og aðra. Hvers óskar þú íbúum
Ísafjarðarbæjar á nýju ári?

„Ég óska auðvitað öllum

farsældar á nýju ári og vona
að þessari neikvæðu umræðu
um Ísafjarðarbæ, og reyndar
Vestfirði alla, linni og að því
jákvæða verði haldið meira á
lofti. Það er nú ekki síst á
valdi ykkar fjölmiðlamanna
að stuðla að því. Ég óska
íbúum Ísafjarðarbæjar árs og
friðar og bætum hag. Ég er
bjartsýnn og held að við
eigum eftir að rífa okkur upp
úr þessari lægð sem við
óneitanlega höfum verið í,
bæði fjárhagslega og ekki
síður hvað varðar umræðu um
þennan landshluta.“



Eftirlíking af gömlu spýtu
jólalré, líklegast smíðað
fyrir síðustu aldamót.



Jólalré frá því um 1940,
smíðað af Gunnari Bjarna-
syni á Ísafirði.



Jólalré frá árinu 1956.

Bókasafnið á Ísafirði

Sýning á gömlum leik- föngum og jólaltrjám

Síðastliðin þrjú ár hefur
bókasafnið á Ísafirði staðið
fyrir sýningu á gömlum jóla-
trjám. Í ár var hún stækkuð
og í samvinnu við Byggða-

safnið sett upp sýning á
gömlum leikföngum og fleiru
sem leyndist í jólapökkum
barna fyrr á tímum. Á safninu
má líka finna fróðleiksmola

um aðventuna, jólasvein-
ana, jólagjafirnar og jóla-
trén. Bókasafnið er opið
alla virka daga kl. 15-20
og laugardaga kl. 15-17.



Margir hafa sjálfsagt gaman af að skoða ýmis leikföng frá fyrri tíð.

Gerðu þína eigin dagskrá yfir hátíðirnar

Yfir 4.500 titlar!

Aðeins 500 titlar á kr. 400.-

(ein eldri fylgir frí með)

4.000 titlar á verði frá kr. 100-200

Ath! Allar teiknimyndir fyrir börn
verða á kr. 50.- yfir jól og áramót



Opnunartímar yfir hátíðarnar

Þorláksmessa, 23. desember kl. 16:00 -19:00 og 20:00 -23:00

Aðfangadagur, 24. desember kl. 11:00 -16:00


Jóladagur, 25. desember LOKAÐ

Annar í jólum, 26. desember kl. 17:00 -19:00 og 20:00 -22:30

Gamlársdagur, 31. desember kl. 11:00 - 16:00

Nýársdagur, 1. janúar LOKAÐ

Aðra daga milli jóla og nýárs er opnunartími eins og venjulega



Gleðileg
myndbanda-
jól!

Allar aðrar upplýsingar gefa
dagskrángerðastjórnar Vídeó-
hallarinnar í síma 456 4853

Vídeó
Höllin
– við Norðurveg

Opnunartímar nýju hárgreiðslustofunnar við Pollgötu yfir hátíðirnar

ECOLY

HÁRSNYRTIVÖRUR
GRAHAM WEBB

Back to
BASICS

Fram til 23. desember er
opið alla daga frá
kl. 09:00 til 19:00
og / eða eftir óskum.

Á Þorláksmessu
verður opið

frá kl. 09:00 til 23:00

Laugardaginn 27. des. kl. 10.16

Mánudaginn 29. des. kl. 9-18

Þriðjudaginn 30. des. kl. 9.18

Gamlársdag kl. 10-14



Jólaþveðja

Guðbjörg Hannesar

Pollgötu

sími 456 5191

FASHION FORMULAS
by ECOLY

Hillusamstæður

í mörgum
gerðum
og litum

Sængur-
verasett
frá kr.
1.480.-



**Innréttingar - húsgögn - heimilistæki
raftæki - rúmföt**

Visa og Euro
raðgreiðslur



HÚSGAGNALOFTIÐ
SÍMI 456 4566 • SKEIÐI 1 • 400 ÍSAFJÖRÐUR

Módelkart frá



Gullauga

Verð frá kr. 4.700.-

Hálsmen kr. 4.500.-
Æðruleysisbæn
Sjóbæn
Faðirvorið



Krossar
handunnir kr. 3.400.-
Faðirvorið kr. 2.250.-

Gullauga

Dýrfinna Torfadóttir gullsmíðameistari
Ástþór Helgason gullsmíður
Fjóla Þorkelsdóttir nemi

LÍTTU Í JÓLAHÖRNIÐ OKKAR!

**FEIKIFAGRIR
KÖFLÓTTIR DÚKAR
MEÐ GULLÞRÆÐI
-ALLAR STÆRÐIR-**



**FALLEGAR
TRÉVÖRUR Í
KRAKKAHERBERGI**

**ENGLAR,
KERTASTJAKAR,
DISKAMOTTUR O.F.L. O.F.L.**

**DÚKAR MEÐ JÓLAMYNSTRI Á STÓR
OG LÍTIL BORD - MJÖG GOTT VERÐ**

Sjáumst í jólasþapi!
Gleðileg jóla!
Svana og Herdís



Ljóninu, Skeiði, sími 456 4070

Óskum Vestfirðingum
gleðilegra jóla

straumur

Silfurgötu 5 Ísafirði Sími 456 3321



JÓLAVEISLA

AKAI

ferðatæki með
geislaspilara **kr. 12.900.-**



Móttökubúnaður fyrir
gervihnattasjónvarp
frá **kr. 88.700.- stgr.**

JBL

alvöru
heimabíó-
magnarar

Ferðatæki
með geisla-
spilara frá
kr. 9.900.-



AKAI

hljóm-tæki
frá **kr. 29.900.-**



Vasadiskó
frá **kr. 1.990.-**

Vasaútvörp
frá **kr. 2.990.-**

HARMAN / KARDON
klassa hljóm-tæki fyrir
kröfuharða

Sjónvörp

GRUNDIG - AKAI - KOLSTER - HITACHI - UNITED
14" frá **kr. 19.900.-**
20" frá **kr. 32.900.-**
28" frá **kr. 54.900.-**
33" frá **kr. 144.900.-**
28" 100 HZ frá **kr. 99.900.-**
29" Pro Logic frá **kr. 119.900.-**



Myndbandstæki
vídeó frá **kr. 23.990.-**
vídeó Long Play frá **kr. 29.900.-**
vídeó Sterió frá **kr. 49.900.-**

Bíltæki og bíl-
hátalarar
í miklu úrvali

Útvarps-
vekjarar
frá **kr. 1.490.-**

PC leikurinn
Quake II er kominn...
... loksins
Leikurinn sem allir
hafa beðið eftir...
96% PC gamer

Barnatæki með
segulbandi og
2 hljóðnemunum
kr. 3.990.-

AKAI

ferðatæki
útvarpi frá **kr. 3.990.-**



Vasadiskó með
útvarpi
frá **kr. 2.590.-**



AKAI

heimabíó hljóm-tæki
Topp græjur „sem bragð er af“

Playstation tölvan frábæra **kr. 14.990.-** og fullt af
frábærum leikjum. Einnig PC, MAC og SEGA leikir í
úrvali. Ath! Nýjasti íslenski tölvuleikurinn
„Stafakarlarinn“ er kominn. Einnig PC leikir s.s.
Quake II, FIFA '98, Screamer Rally, NBA Live '98,
Tomb Raider II, Gettysburg, Dark Reign, MIB og
Riven. PSX - leikir s.s. Tomb Raider II, Red Alert,
Agent Armstrong, Kurushi, Thoshinden 3, Croc,
Diskworld II, Total Drivin og GP Police
Jólaseriur í ótrúlegu úrvali og á hlægilegu verði.
Nýtt! „Ljósaslöngur“ 1-100 metrar. Þú ákvarðar
lengd og líti. Við setjum þær saman fyrir þig.
Ný frábær lausn á útiskreytingum.
„Jólaýsing án takmarka“

Opið laugardaginn 20. desember kl. 10-22



Sími í verslun 456 4594

POLLINN HF.
AÐALSTRÆTI 9 - ÍSAFIRÐI - SÍMI 456 3092

Statistik 14. november 2004

Sextíu menn í lífs- hættu

LÍF



sjóinn bærst ekki niður í vélarrúm. Ólafur Pálsson yfirvélstjóri hafði verið niðri í stjórnrumi að horfa út um kýrauga þegar hann sá fyrsta skaflinn koma.

Bátsmaðurinn hafði þá verið með honum.

Þegar stóra brotið kom sá Ólafur sitt óvænna og tókst að skella blindhleranum yfir kýraugað og loka með því að tessa hlerann aftur. Ólafur hékk síðan á tessianum og handriði þar fyrir neðan á meðan skipið fór veltuna. Þegar skipið rétti sig af varð Ólafur þess áskynja að talsverður sjór var kominn á göngupall milli aðalvélanna. Hann taldi fyrst að kælivatnsrör hefði sprungið. Svo var þó ekki heldur var þetta sjór sem hafði flætt inn um skorsteinshúsið og niður í vélarrúm þegar skipið var á hliðinni.

Nú heyrði Einar skelfingar-óp í kallkerfi skipsins:

„Nú var eins og stöðin

opnaðist hjá Jakobi yfirstýr-
manni aftur á. Ég heyrði
skyndilega óp og öskur í hon-
um – sársaukaóp.

Það var hræðilegt að heyra
þetta. Nú vissi ég að eitthvað
alvarlegt hafði gerst.

Á sama augnabliki og ég
heyrði þetta skaut Guðmund-
ur annar stýrimaður línu yfir í
Vikartind. Ég tók samstundis
ákvörðun um að hætta þessum
aðgerðum. Keyra bara skipið
út úr þessum ósköpum. Ég
hugsaði ekkert um línuna,
hvort hún náði yfir í Vikartind
eða hvert hún fór. Ég lét menn-
ina skera á línuna. Það var
ekki annað að gera en að
bjarga okkar skipi og okkar
fólki.

Ég beygði skipinu í stjórn-
borða til að forðast akkeris-
keðjurnar frá Vikartindi. Nú
hringdi annar síminn í brúnni.
Ég tók tólið upp. Það var
Ólafur yfirvélstjóri. Hann
sagði mér að yfirstýrimaður-
inn væri fótbrottinn og báts-
maðurinn týndur – hann hefði
þó verið í vélarrúminu einni

mínútu áður.

Þetta voru lamandi fréttir.
Þær verstu sem ég hafði
fengið á ævinni. Skelfilegast
fannst mér að vita að við gát-
um ekkert aðhafst til að hjálpa
manninum ef hann hefði farið
útbýrðis.

Ólafur kvaðst ekki vita
hvort bátsmaðurinn hefði
hlaupið út eða fram í skip. Í
sama mund hringdi hinn
síminn í brúnni. Það var
Jóhann Sigurjónsson háseti
sem var aftur á. Hann sagði
að allt væri farið fjandans til
hjá þeim. Ég lét alla vita og
bað áhöfnina að svipast um
eftir bátsmanninum.

Menn voru að leita út um
allt skip en líkur bentu til að
hann hefði farið fyrir borð.
Ég lét Vikartind vita í talstöð-
inni að við værum hettir
aðgerðum, maður hefði fót-
brotnað hjá okkur og að lík-
indum hefði einn maður farið
útbýrðis. Ég óskaði eftir að
þeir litu vel í kringum sig
stjórnborðsmegin.“

Bensínstöðin á Ísafirði Opnunartímar um jól og áramót

Þorláksmessa, 23. desember kl. 07:30 - 23:00

Aðfangadagur, 24. desember kl. 07:30 - 15:00

Jóladagur, 25. desember LOKAÐ

Annar í jólum, 26. desember kl. 12:00 - 16:00

Gamlársdagur, 31. desember kl. 07:30 - 15:00

Nýársdagur, 1. janúar LOKAÐ

**Gleðileg jól og
farsælt nýtt ár**

Bensínstöðin á Ísafirði

Flugeldamarkaður Hjálparsveitar skáta Ísafirði

Sama lága verðið og í fyrra

**Vinsælu fjölskyldupakkarnir
Tertutilboð - Flugeldatilboð**

Trítill - Tralli - Troðni - Trausti

**Aðalsölustaður:
Skátaheimilið, Mjallargötu**

Opið:

Sunnudaginn 28. des. kl. 13-22

Mánudaginn 29. des. kl. 13-22

Þriðjudaginn 30. des. kl. 13-22

Gamlársdag 31. des. kl. 10-16

Sölustaður við Ljónið er opin:

Þriðjudaginn 30. des. kl. 16-19

Gamlársdag 31. des. kl. 10-12



**Flugeldasýning verður við Pollgötu,
sunnudaginn 28. desember kl. 20:00**

Ykkar stuðningur - Ykkar hagur



Hjálparsveit skáta, Ísafirði



Bolungarvíkurkaupstaður

*Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og
nýjárshútið og þökkum árið sem er að líða.*



ÍSAFJARDARBÆR

*Bæjarstjórn Ísafjardarbæjar sendir íbúum
sveitarfélagsins og viðskiptavinum sínum bestu
jóla- og nýjárskveðjur með þökk fyrir húð líðna
Bæjarstjórninn*



Orkubú Vestfjarða

Stakkanesi 1 • Ísafirði • Sími 456 3211

*Óskum viðskiptavinum okkar, starfsfólki og
landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári*



PORBJÖRN HF

**Hafnargötu 90-96
Bolungarvík**

*Sendum Bolvíkingum sem og öðrum
Vestfirðingum okkar bestu jóla- og nýjárskveðjur*



**Landsbanki
Íslands**

Ísafirði, Bíldudal, Patreksfirði

*Gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á liðandi ári.*



**Sparisjóður Bolungarvíkur
Bolungarvík og Suðureyri**

*Sendum Bolvíkingum, Súgfirðingum og öðrum
Vestfirðingum óskir um gleðileg jól, gott og
farsælt komandi ár með þökkum fyrir viðskiptin*

Sr. Agnes M.
Sigurðardóttir,
sóknarprestur
í Bolungarvík
skrifar hugvekj
í tilefni jólahátíðar



„Yður er í dag frelsari fæddur“

Eitthvað koma þessi orð kunnuglega fyrir sjónir, a.m.k. nú á jólaföstunni. Þau tengjast þeirri hátíð sem í hönd fer innan skamms. Þau standa í jólaguðspjalli Lúkasar og eru lesin á hverjum jólum í kirkjunni og oft heyrast þau líka á aðventunni, á jólafundunum svokölluðu eða á helgileikjum, sem oft eru hafðir á þessum tíma árs.

En koma þessi orð okkur við, okkur sem nú erum uppi í lok 20. aldarinnar? Voru þau ekki sögð við hirða úti í haga í fjarlægu landi fyrir 2000 árum? Jú, þau voru boð frá himnum. Þar sem hirðarnir sátu í myrkrinu yfir kindunum sínum og ornuðu sér við eldinn, stóð

allt í einu engill Drottins hjá þeim og dýrð Drottins ljómaði kringum þá og þeim voru flutt þessi himnesku boð um fæðingu frelsarans. Þeir fóru og fundu Maríu og Jósef og ungbarnið, sem lá í jötu. Þeir snéru aftur, væntanlega til hjarðar sinnar, en varla hafa þeir verið samir á eftir.

Lífsreynslan hefur áhrif á okkur og mikilvægt er að vera eins og hirðarnir. Að fara og sjá. Að leita lausna sinna mála við jötuna, hjá því barni, „sem er Kristur Drottinn“. Fæðing hans markar tímamót í lífi heimsins, enda er tímatál okkar miðað við hana. En fæðingin getur líka markað tímamót í lífi þess

sem meðtekur boðin. Þegar hjartað fær að ráða en ekki eingöngu skynsemin. Þá gerist eitthvað innra með okkur sem knýr okkur til að líta öðrum augum á lífið. Líta á hlutina út frá því að „Guð er með oss“. En það þýðir ekki það að við drögum okkur út úr skarkala heimsins og leggjumst með tærnar upp í loft og bíðum átekt. Það þýðir það að við verðum eins og hirðarnir. Föllum aftur á okkar stað, mörkuð af þeirri reynslu sem trúin veitir, þegar við áttum okkur á því að hin himnesku boð „yður er í dag frelsari fæddur“ eru líka töluð til okkar. Okkar, sem nú erum uppi, um 2000 árum síðar.

Guð gefi þér gleðileg jól í Jesú nafni.

Jólaveisla



Jóla- og áramótadansleikur verður á Hótel Ísafirði laugardaginn 27. desember.

**Glæsilegur fimm rétta matseðill og skemmtiatriði
Dansleikur eingöngu fyrir matargesti
Vinsamlegast pantið borð í síma 456 4111**

Gleðilega hátíð!

Hótel Ísafjörður
sími 456 4111



Full búð af tilvöldum jólagjöfum!

Jólatilboð á Black og Decker



Frábært
jólaskraut
Falleg
gjafavara

Gjafavara í miklu úrvali

Leitaðu ekki
langt yfir
skammt!




METRÓ

Miðstöð heimilanna

Það hefur aldrei verið glæsilegra!

Óskum Vestfirðingum
gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári



Tilvalið í jólapakkana
fyrir Jón og Gunnu
Gleðilega hátíð!





**JÓN og
GUNNA**

Ljóninu, Skeiði, Ísafirði, sími 456 3464



Óskum starfsfólki okkar,
viðskiptavinum og
Vestfirðingum öllum
gleðilegra jóla og farsæls
komandi árs



Einn af þekktum ferða-
mannastöðum hérlendis er nú
Brjánslækur á Barðaströnd.
Þar mætast leiðir og staðurinn
og umhverfið glitrar af sögu.
Þar á grundunum hafði
Hrafna-Flóki vetursetu og
surtarbrandur í gili vitnar um
hlýviðri og hitakæran gróður
fyrri tíða. Jafnan hefur verið
fjölfarið þar hjá garði.

Vorið 1830, um fardagaleytið
var fólk á ferð fyrir neðan
garð á Brjánslæk. Það var ekki
á skemmtireisu eins og gerist
í nútímanum, heldur átti það
erindi í sveitina. Þetta voru
eldri hjón og dóttir þeirra full-
orðin og svo sonur þeirra með
konu og börn. Fólkið fór hægt
yfir, rak á undan sér fáeina
nautgripi en teymdi hesta
klyfjaða sængurfötum, am-
boðum og slitnum búsgögn-
um. Parna voru á ferð nýju
ábúendurnir á Hamri, nokkru
vestar í sveitinni þar sem sér
um allan Hagavaðal og vegir
liggja upp til Arnarfjarðar.

Eldri hjónin voru Jón Guð-
mundsson sem búið hafði á
Kambi í Reykhólasveit í átján
ár en kona hans hét Ingibjörg
Árnadóttir og var hún af Hlíð-
arætt í Reykhólasveit.

Við þessa flutninga fjölgaði
sveitardraugunum á Barð-
strönd um einn, því um þessi
hjón hafði spunnist sú saga að
draugurinn Kambsmóri fylgdi
þeim. Þjóðsagan kunni þau
skil á honum að hann væri
sending til Jóns bónda fyrir
það að refjast um að borga
kaupamanni undan Jökli
verkalaunin. Var Kambsmóri
talinn eiga sök á skepnudauða
á Kambi og heilsuleysi í fólki-
inu. Sagan segir að nú væru
þau að flýja drauginn.

Frá þessu fólki hefur meðal
annarra sagt Jakob Áþanasíus-
son, sem lengi bjó í Tungu-
múla, fáum bæjarleiðum fyrir
vestan Hamar. Jakob þessi var

fróðleiksmaður að hætti þeir-
rar tíðar, ræðinn, hagamæltur
og söguglaður, fékkst við
lækningar og var ljósfaðir
fjölda barna og sjálfur átti
hann nær tuttugu börn. Eftir
honum skráði Þorsteinn Er-
lingsson sagnir um fólk og
fyrirbæri og kallaði „Sagnir
Jakobs gamla”.

Þær sagnir eru auðvitað
spjall samtímans sem er þá
öld hjátrúar og fáfræði og rétt
rúnum hundrað árum fyrr
(1683) hafði maður verið
brenndur í Arngerðareyrar-
skógi fyrir galdra.

Sagan um kaupmanninn er
ekki trúleg. Hjónin frá Kambi
koma vel fyrir í samtímaheim-
ildum, þau eru sögð heiðarleg
og góðgjörðasöm en börn
þeirra vel uppfrædd og hæglát
og athygli vekur að þau kom-
ast öll á fullorðinsár sem þá
var ekki títt. En fjölskyldan
hafði þá byrði að bera að sum
börnin hafa strítt við heilsu-
leysi á köflum sem samtíminn
klæddi svo í sagnabúning og
skýrði að hætti aldarinnar. Elst
barnanna var Guðmundur. Það
er hann sem er í för með for-
eldrum sínum 1830 og líklegri
hvatamaður flutninganna en
gömlu hjónin á sjötugsaldri.
Hann var vel að sér og harð-
neskjumaður, bjó með foreldr-
um sínum á Kambi, á Hamri
og í Hvammi en lengst á Efri
Vaðli, kallaður Guðmundur
„skoli” hvernig sem á því
nafni hefur staðist. Ekkert beit
það á hann þótt sagt væri að
Móri fylgdi honum fast og
svo börnum hans.

Guðmundur var einn barna
hans, kallaður „harði”. Jakob
gamli var eitt sinn með honum
á ferð og þeir þrír saman. Guð-
mundi harða hætti til að fá
köst sem kennd voru Móra og
fékk hann nú eitt kastið sem
Jakob lýsir svo: „Kastast hann
þá niður, brýst um með hönd-

um og fótum, froðufellir og
stynur”. Segir Jakob að þeir
stæðu þar yfir honum tæpan
hálf tíma, þá stekkur hann á
fætur en skjógrar og dettur.
Síðan leiddu þeir hann og voru
fyrst í stað máttlausir undir
honum fætur og smátt og smátt
hresstist hann og kenndi sér
einskis meins daginn eftir.
Þeim sem nú lifa mundi detta
eitthvað annað í hug en
Kambsmóri við svona tilfelli.

Guðrún var næstelst, fædd
1801. Hún var í foreldrahúsum
alla tíð og fluttist með fjöl-
skyldunni að Hamri 1830.
Hún fór svo út í veröldina ári
síðar og var í Hergilsey vistar-
árið 1831-32.

Þar var þá einnig vistráðinn
Jón Sigurðsson, kvæntur
vinnumaður, ættaður af Snæ-
fellsnesi, síðar bóndi á Skrið-
nafelli.

Eitthvað hafa þau Guðrún
orðið kunnug því haustið eftir,
þann 16. október 1832 eignað-
ist Guðrún barn sem hún
kenndi Jóni og var hún þá
komin til veru á Siglunesi.
Barninu var strax komið fyrir
á Brekkuvelli og fór Guðrún
að finna það 17. febrúar um
veturinn. Þangað komst hún
aldrei, fannst liðin milli
Brekkuvallar og Fótar og er
dánarorsökin ókunn.

Barnið lifði, hét Ingibjörg,
varð vinnukona í eyjum, átti
svo Jón Jónsson í Stykkis-
hólmi og börn með honum en
dó þar 17. október 1878.

Þriðja barn Jóns og Ingi-
bjargar var Þóranna, átti Sam-
úel Samúelsson bónda á
Miðjanesi í Reykhólasveit.
Þau áttu nokkur börn sem upp
komust en það var eftirtak-
anlegt að þrjú þeirra fórust af
slysförum á góðum aldri. Þau
Benedikt sonur þeirra og
Elísabet dóttir þeirra voru
bæði ógift vinnuhjú í Reyk-
hólasveit er þau drukkuðu

ásamt fleirum á heimleið úr
sölvaðfjöru 7. ágúst 1869.

Þá var skip frá Stað með
sölvaðförm á leið heim af Stór-
holtsfjörum í Saurbæ en lenti
í ágjöf í Akureyraröst. Söl
eru viðsjál farfur á opnu
skipi.

Löngu seinna fluttist Magn-
ús Samúelsson og Þóranna
norður að Djúpi og átti heima
í Hnífsdal, 18. febrúar 1910
þegar snjóflóðið mikla féll þar
og drap tuttugu manns. Þar
fórst hann, kona hans og
uppkominn sonur.

Þuríður Jónsdóttir var enn,
alla tíð ógift og barnlaus
vinnukona í Reykhólasveit
lengst af, sögð dugnaðarkona.
Hún var heilsuþilíuð, fékk köst
en vissi þau fyrir. Þegar hún
fann köstin koma að sér sagði
hún gjarnan: „Þama kemur
hann, fjandinn sá arna”.

Yngsta barn Jóns og Ingi-
bjargar undu ekki lengi á
Barðaströnd. Þau voru bæði á
sjötugsaldri þegar þau komu
að Hamri, orðin lúin og varla
manneskjur til að standa fyrir
búi. Og tveim árum síðar flutt-
ust þau vestur í Sauðlauksdal
til sr. Gísla Ólafssonar og hafa
sjálfsagt lagt með sér það litla
sem þau áttu.

Gísli þekktu þau vel frá
fyrri tíð. Hann var fæddur og
uppalinn í Reykhólasveit, og
hafði verið aðstoðarprestur á
Stað í tólf ár. Ekki mundi
Kambsmóri voga sér inn fyrir
garð í Sauðlauksdal. Meðan
sr. Gísli var á Stað hafði hann
beitt sér fyrir garðrækt og
framförum í búnaði og hefur
vafalaust haft kálgræða í Sauð-
lauksdal. Ef til vill fengust
gömlu hjónin frá Kambi við
að hlú að gördunum þar
meðan þau biðu síns enda-
dægurs. Umskiptin voru
skammt undan, Jón Guð-
mundsson dó í Sauðlauksdal
20. ágúst 1836, í sama mánuði

Guðsþjónustur um jól og áramót

Hólssókn í Bolungarvík

Aðfangadagur, 24. desember
Aftansöngur í
Hólskirkju kl. 18:00
Jóladagur, 25. desember
Hátíðarguðsþjónusta í
Hólskirkju kl. 14:00
Guðsþjónusta á Sjúkrahúsi
Bolungarvíkur kl. 15:15
Gamlársdagur, 31. desember
Aftansöngur
í Hólskirkju kl. 18:00

Ísafjarðarprestakall

Sunnudagur 21. desember
Fjölskylduguðsþjónusta í
Ísafjarðarkirkju kl. 11:00
Prestur: Sr. Magnús Erlingsson.
Organisti: Hulda Bragadóttir
Aðfangadagur, 24. desember
Jólaguðsþjónusta í
Hnífsdalskapellu kl. 18:00.
Prestur: Sr. Skúli Sigurður
Ólafsson. Samkór Hnífsdælinga
syngur undir stjórn Huldu
Bragadóttur organista.
Jólaguðsþjónusta í
Ísafjarðarkirkju kl. 23:30.
Prestur: Sr. Magnús Erlingsson.
Kór Ísafjarðarkirkju syngur

undir stjórn Huldu Bragadóttur
organista.

Jóladagur, 25. desember
Jólaguðsþjónusta í
Ísafjarðarkirkju kl. 14:00.
Prestur: Sr. Skúli Sigurður
Ólafsson. Kór Ísafjarðarkirkju
syngur undir stjórn Huldu
Bragadóttur organista.
Jólaguðsþjónusta á
Fjórðungssjúkrahúsinu á
Ísafirði kl. 15:30. Prestur: Sr.
Skúli Sigurður Ólafsson. Kór
Ísafjarðarkirkju syngur undir
stjórn Huldu Bragadóttur
organista.

Jólaguðsþjónusta í
Súðavíkurkirkju kl. 14:00.
Prestur: Sr. Magnús Erlingsson.
Kór Súðavíkurkirkju syngur
undir stjórn Sigríðar
Ragnarsdóttur organista.
Gamársdagur, 31. desember
Áramótaguðsþjónusta í
Ísafjarðarkirkju kl. 18:00.
Prestur: Sr. Magnús Erlingsson.
Kór Ísafjarðarkirkju syngur
undir stjórn Huldu Bragadóttur
organista.

Þingeyrarprestakall

Kambsmóri?

og Jón Espólin skáld og ættfræðingur. Þetta sumar er sagt að væri kalt og illviðra-samt, snóaði í byggð í hverjum mánuði, mest í ágúst. Það hefur slegið að Jóni gamla.

Ingibjörg dvaldist með sr. Gísla til 1842, þá fór hún til Guðmundar sonar síns á Vaðli og dó þar karlæg 28. október 1846.

Ekki var Kambsmóri dauður úr öllum æðum þótt þessi hjón féllu frá. Hann hélt áfram að hengja fé og hrella börn Guðmundar á Vaðli. Ein dætra hans var Guðrún, húsfreyja á Skáldsstöðum í Reykhóla-sveit, átti Guðmund Þorláksson sem lengi var póstur í Barðastrandarsýslu. Hún hafði verið í fóstri og ekki flust vestur með foreldrum sínum.

Það var nú um haustið 1875 að Guðmundur var í pósthæð vestur í sýslu og kominn í náttstað í Dufansdal. Ekki varð þó úr því að hann tæki gistingu þar og lögðu þeir tveir á Fossheiði í brúnamyrkri, og hellirigningu og segja sumir að þeir hefðu brennivín til nestis.

Þessa nótt, 25. september, hrapaði Guðmundur póstur við klettinn Sjömannabana á Fossheiði en hestur hans og samferðamaður komust lífs af. Slys þetta var undireins kennt Kambsmóra sem sagt var að fylgdi konu Guðmundar.

Eftir þetta fara litlar sem engar sögur af Móra enda alkunna að mjög dregur það mátt úr draugum ef þeir fá manni fyrirkomid. Ættkvísl Guðmundar skola og systkina hans þynnist líka út og samlag-aðist mannlífselfunni en þó má enn greina hana ef eftir væri leitað.

Guðmundur Þorláksson var jarðaður heima í sókn sinni 2. október. Hann var fluttur









dauður fyrir neðan garð á Brjánslæk, í sömu slóð og þau Jón og Ingibjörg 45 árum fyrr.

Þá var vor í náttúrunni en nú var orðið dimmt af hausti. Á sama hátt verða skil hinna

ýmsu tíða í mannlífinu og þau eru mörkuð af lífi og dauða. Hér urðu þáttaskil að lokum.

Óskum starfsfólki okkar,
viðskiptavinum og
Vestfirðingum öllum
gleðilegra jóla og farsæls
komandi árs

 Ísafjarðarleið ehf.,	 Fatabúðin Silfurtorgi
 Mjólkursamlag Ísfirðinga	 ÍSLANDBANKI
 AGÚST & FLOSI ehf. BYGGINGAVERKTAKAR	 Vélsmiðja Ísafjarðar
 ÍSLANDSFLUG	 VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF
 Fiskmarkaður Suðurnesja	 Rafverk hf., Bolungarvík
 F.O.S. Vest.	 FLUGFÉLAG ÍSLANDS Air Iceland
 Tálknafjarðarhreppur Tálknafirði	 Á Eyriinni Dettlingastöðin Kafkírhús Hélagata 1 - Sími 456 9267 Fiskerhúsið áttu 1988
 Sjómannafélag Ísfirðinga Pólgötu 2, Ísafirði	 Flutningamiðstöð Vestfjarða Sindragötu 11 Ísafirði
 SAMHERJI hf. Glaragötu 19 408 Akureyri	 Gardínubúðin Hafnarstræti 8 Ísafirði
 Trostan ehf., -rækjuvinnsla- Brjánslæk	 G.E.Sæmundsson ehf. Sindragötu 14 Ísafirði
 Félagskaup sf., Hafnarstræti 11 Flateyri	 Kaupfélag Steingrímsfjarðar Hólmavík
 Tækniþjónusta Vestfjarða hf., Ísafirði	 Útvegsmannafélag Vestfjarða Ísafirði
 Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga Ísafirði	 Fjórðungssamband Vestfirðinga Samband sveitarfélaga á Vestfjörðum

Laugardagur 20. desember
Kvöldbæn í Þingeyrar-kirkju kl. 18:00.
Aðfangadagur, 24. desember
Aftansöngur í Þingeyrar-kirkju kl. 18:00
Jóladagur, 25. desember
Hátíðarmessa í Mýra-kirkju kl. 14:00
Hátíðarmessa í Þingeyrar-kirkju kl. 17:00
2. í jólum, 26. desember
Jólamessur í Hrafnseyrarkirkju og Sæbóliskirkju á Ingjaldssandi. Messutími verður ákveðinn síðar og miðast við veður og færð.
Nýársdagur, 1. janúar
Messa í Þingeyrarkirkju kl. 17:00 Prestur í öllum guðsþjón-

ustunum er sr. Guðrún Edda Gunnarsdóttir.
Suðureyrarprestakall
Aðfangadagur, 24. desember
Aftansöngur í Suðureyrar-kirkju kl. 18:00
Jóladagur, 25. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Suðureyrarkirkju kl. 14:00
Gamlársdagur, 31. desember
Aftansöngur í Suðureyrar-kirkju kl. 18:00
Prestur í öllum guðsþjónustunum er sr. Valdimar Hreiðarsson.
Vatnsfjarðarprestakall
Jóladagur, 25. desember

Jólaguðsþjónusta í Vatns-fjarðarkirkju
2. í jólum, 26. desember
Jólaguðsþjónusta að Mel-graseyri eða Nauteyri.
Holtsprestakall
22. desember
Markúsarguðspjall í Flateyrar-kirkju kl. 17:00. Maráþonlestur fermingarbarna o.fl.
23. desember
Kyrrðarstund í Holts-kirkju kl. 18:00
Aðfangadagur, 24. desember
Helgistund kl. 14:00 á Sól-borgu, öldrunarstofnun Flateyrar. Aftansöngur í Flateyrarkirkju kl. 18:00.

Jóladagur, 25. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Holtskirkju kl. 14:00.
Organisti Brynjólfur Árnason frá Vöðlum.
2. í jólum, 26. desember
Barna- og fjölskyldu-guðsþjónusta kl. 11:15 í Flateyrarkirkju. Bænir, söngvar og sögur. Afmælis-börn fá glaðning.
Gamlársdagur, 31. desember
Aftansöngur í Flateyrar-kirkju kl. 18:00.
Nýársdagur, 1. janúar
Hátíðarmessa í Holts-kirkju kl. 14:00.
Sr. Gunnar Björnsson, þjónar fyrir altari í öllum messunum.



*Jón B. Guðjónsson
í spjalli við BB
um bátasmíði
og útgerðarhætti
fyrri tíma*

Jón er húsvörður í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði og grípur gjarnan í bátasmíðina þegar rólegt er.

...og þar gerðum

Jólasýning Slunkaríkis á Ísafirði ber yfirskriftina „Bátar“. Á sýningunni eru verk eftir 19 Vestfirðinga, sem allir hafa báta sem fyrirmyndir. Verkin samanstanda af bátslíkönum, steindu gleri, postulínsskálum og skúlpútúrum úr jámi. Jón B. Guðjónsson á fjögur bátslíkön á sýningunni, en BB hitti hann að máli í síðustu viku og fékk hann til segja dálítið frá þessu áhugamáli sínu.

Engar fjörur eftir

Jón segist hafa hrifist af bátum alla tíð og sem krakki hafi hann, eins og flestir strákarnir á þeim tíma, dvalið öllum stundum á svæðinu kringum slippinn, sem þá var neðan við svæðið sem heimavist Framhaldsskóla Vestfjarða stendur á í dag. Hann saknar fjörunnar sem umlék eyrina, en hún var vettvangur leikja af ýmsum toga, „og þar gerðum við strákarnir út,“ segir Jón

„Við strákarnir smíðuðum okkur báta sem við drógum á eftir okkur og settum jafnvel á þá þversegl og létum þá sigla inn með landinu. Maður lét

síð svo hafa það að fara inn í fjörð og sækja þá. Við fengum kubba í bátana hjá körlunum sem unnu hjá Bárði Tómasyni í slippnum. Maður tálgaði svo kubbin og reyndi að fá á hann bátslag, en karlarnir tóku síðan verkið út - mátu hvort báturinn væri eins báðum megin. Hérna í mjósundunum og á norðanverðri Eyrinni voru sandfjörur og strákar voru á öllu sem flaut við að stinga kúffísk. Í dag eru engar fjörur eftir. Alveg frá staðnum þar sem gamla Bæjarbryggjan stóð og inn að Brúarnesti er nú aðeins grjótkantur. Fjaran er horfin og eins er þetta að norðanverðu. Mér finnst eins og minna sé um fisk í dag, miðað sem áður var. Ufsinn lá t.d. alltaf í torfum í skugganum af gömlu bryggjunum og maður sá hann greinilega. Í dag eru þessir þilkantar allsráðandi og mikið minna af fiski. Að minnsta kosti sér maður hann ekki.“

Hefur smíðað 5-6 báta á 10 árum

- Jón telur að það séu um 10 ár síðan hann fékk áhuga á að smíða nákvæm bátslíkön,

en hann rekur áhugann til ferðar sem hann ásamt fleirum, fór til Færeyja. Þar heillaðist hann af bátum eyjaskeggja, sem voru með ýmsu

lagi. - En hvað skyldi fara langur tími í smíði eins báts? „Ég smíða nú ekki marga á ári, kannski einn til tvo þegar best lætur. Ef maður ætlar að

vanda til verka og vera nákvæmur, þá fer í þetta ómældur tími. Á þessum 10 árum hef ég smíðað 5-6 báta, en ég er nú ekki stanslaust að.

Stundum verð ég þreyttur á þessu og hvíli mig þá í nokkra mánuði. Ég hef bátana fremur litla, en því minni sem þeir eru, því lengri tími fer í þetta.“



Dönsk skonnorta siglir hér fyrir eigin vélarafli um Pollinn á Ísafirði..

Jón notar í bátana efni sem kallast ramín. Það er svo sem ekkert sérstakur viður, segir hann, en er kvistalaus og mjúkur og því auðvelt að sveigja hann til eftir þörfum. Jón er húsvörður í Stjórn-sýsluhúsinu á Ísafirði og þar á viðtalið sér stað. Hann segist nota bátasmíðina til að drepa tímann þegar rólegt er, og er með einn bát á borðinu sem hann vinnur að þessa dagana. „Þessi gæti verið svolítið líkur bát úr Víkinni sem upphaflega hét Andri. Seinna hét hann Einar, en Gestur Sigurðsson setti á hann byssu og hóf hrefnuveiðar, en Gestur þessi var upphafsmaður þeirra veiða hér á Ísafirði. Enn síðar keypti Hjörtur Stapi bátinn og var á honum á rækju og á skaki á sumrin. Á þessum tíma var ég að læra járnsmíði í Vélsmiðjunni Þór, en þá sóttist maður eftir því að komast á skak í sumarleyfum. Ég fór einmitt fyrstu sjóferðina með Stapanum á þessum bát. Við sigldum sem leið lá út með Ritnum að Aðalvík, en þar drap Hjörtur á vélinni og lét reka eftir sjávarföllum. Það passaði alveg að fá svona tvö rek vesturúr, þá var báturinn orðinn smekkkfullur. Báturinn var 5 tonn að stærð og með minnstu Bolvíkingunum.“

Þungapróf dregið af Árnarpungum

voru Árnarpungar af því að þeir voru svo breiðir, en orðið þungapróf, er einmitt dregið af Árnarpungunum. Ásgeirsverslun keypti báta með þessu lagi bæði frá Danmörku, Svíþjóð og Noregi, en þeir voru vélarlausir. Ég man vel eftir þremur þessara báta, Svaninum, Heklunni og Bolla, en sá síðastnefndi var úr Súðavík. Svo var einn á Flateyri sem Garðar hét, en hann hafði verið lengdur og sennilega borðhækkaður. Þessi bátur var svo því miður brenndur seinna.“

Maður verður alveg eins og barn

- Er einhver þessara báta til í dag?
„Nei, því miður. Menn hafa verið of fljótir að farga þeim. Það er svo merkileg saga í kringum þetta allt saman. Það voru t.d. Samvinnubátarnir sem kallaðir voru Rússar af því að eigendur og skipstjórar þeirra voru taldir svo vinstri sinnaðir.“
- Hvað er erfiðast við bátasmíðina?
„Það er mjög erfitt að útbúa súgbyrðinginn, en annars er það bara þolinmæðin sem gildir.“
Áhöldin sem Jón notar eru ekki flókin eða dýr. Hann notar litlar þvingur, þvottaklemmur, bréfastemmur, venjulegt trélím og glært lakk.



Tvö verka Jóns á Jólásýningu Slunkaríkis „Bátar“. T.v. skútan Bolli sem var svokallaður „Árnarpungur“, eitt fyrsta þilskipið í eigu Ásgeirsverslunar. T. h. er „Kúttur Kalli“, sem Jón getur um í viðtalinu.

Við strákarnir út

- Hvernig byrjar þú svo á svona bátslíkani. Kannski svipað og gert er í skipasmíðastöð?
„Já, ég byrja á því að leggja kjölinn og kjölsíðuna, þá koma böndin og síðan raðast borðin utan á. Ég var í vandræðum með að fá teikningar af bátum sem ég hafði áhuga á að smíða, en komst svo yfir teikningar í bókinni Íslenskir sjávarhættir sem hafa nýttst mér vel. Þar eru myndir og teikningar af öllum skektum og allt upp í teinæringa. Þar er t.d. teikning af Vigurbreið, en hann er einmitt á sýningunni í Slunkaríki, þótt óklárður sé.“
- Hvaða báta ertu með á sýningunni?
„Ég var nú því miður ekki alveg tilbúinn með bátana þegar Elísabet Gunnarsdóttir kom að máli við mig og bað mig um að vera með á sýningunni, en ég ákvað samt að slá til. Það vantar t.d. seglin, en til bráðabirgða gerði ég þau úr kartonpappa. Ég á fjóra báta á sýningunni, Vigurbreið, sexæring, sem er skekta með færeysku lagi, skútuna Bolla og kúttur Kalla. Bolli var af þeirri tegund báta sem kallaðir

En hann lætur ekki staðar numið þótt báturinn sé fullkláraður miðað við upphaflegu fyrirmyndina. Hann vélvæðir nefnilega bátana og siglir þeim með fjarstýringu á Pollinum á blíðviðrisdögum á sumrin.
„Ég prófaði þetta fyrst þegar ég setti saman danskt módel, sem var skólaskip. Þegar ég hafði lokið við skútuna að mestu leyti, þá datt mér í hug að það væri nokkuð sniðugt að setja í hana mótór. Þetta tókst og ég lét hana sigla um Pollinn. Maður verður alveg eins og barn, enda er þetta hálfgerður barnaskapur í manni.“
- Já blundar ekki barnssálin í okkur öllum?
„Það er svo sem alveg rétt og það er skemmst að minnast Leós ljósmyndara, þegar hann var héma með flugmódelin sín. Ég man hvað strákarnir söfnuðust í kringum hann á tímabili. Ég tók stefnuna frekar á bátana, því það er hrikalegt þegar flugmódelin hrapa og eyðileggjast. Menn verða þá að byrja alveg upp á nýtt.“

Rifjar upp sögu trébáta

Jón hyggst rifja upp sögu trébátanna með bátasmíðinni, frá upphafi fram undir 1930-1940, allt frá skektunum og þilskipunum, en hann segir að þau hafi gert mönnum kleift að komast í fyrsta sinn almenningalega út á hafið. Jón er algjör sagnabrunnur þegar kemur að sögu útgerðar á Vestfjörðum og hann hefur öll bátslög á hreinu.
„Það er mjög merkilegt lag á Vigurbreið, en mönnum ber nú ekki alveg saman um hvaðan það er upprunnið. Lúðvík Kristjánsson segir í bók sinni að lagið á Vigurbreið sé hið eiginlega djúplag, en eins og menn hafa heyrt og séð þá er Vigurbreiður alveg feiknalegt burðarskip. Bolvísku sexæringarnir voru hins vegar með bognu stefni og miklu mjórri. Bátarnir þurftu að vera léttir, því þeir voru teknir upp á Kamb eftir hverja sjóferð. Þeir voru því fyrir vikið frekar veikbyggðir.
Falur Jakobsson var frægur bátasmíður í Bolungarvík og bátar smíðaðir eftir hann voru sagðir með Falslagi. Synir hans tveir unnu með honum og annar þeirra, Jakob Fals-son, hélt svo áfram héma hjá

Marsellíusi. Mér finnst synd hvað lítið er eftir í Bolungarvík af minjum frá þessum tíma. Það er búið að eyðileggja Kambinn og Malimar, beit-ingaskúrinn er horfinn - það er öllu rutt í burtu. Það hefur enginn áhuga á þessu. Ef Geir Guðmundsson hefði ekki farið út í að varðveita áhöld og aðrar gamlar minjar og stuðla að uppbyggingu Ósvarar, þá væri þetta allt horfið í dag.“

Seglskipið tók gufuskip í tog

Einn þeirra báta sem Jón langar til að smíða er „Ásgeir litli“, en það var fyrsti gufubáturinn í eigu Íslendinga. Ásgeir Ásgeirsson, sem Ásgeirsverslun er kennd við, keypti bátinn og hafði hann í ferðum með varning fyrir Djúpmenn.
„Árni Jónsson, faktor, sem Árnarpungarnir voru kenndir við, sá um rekstur Ásgeirsverslunar og hafði mann úr Bolungarvík, Ólaf Kárason að nafni, sem formann hjá sér á bát sem kallaður var „Kúttur Kalli.“ Ólafur hafði farið til Kaupmannahafnar og náð sér í skipstjórnarréttindi, en í fyrsta úthaldinu hér á Vest-

fjarðamiðum lenti hann í því að bjarga „Ágeiri litla“. Faktorinn hafði látið Ólaf vita að til væru fleiri hafnir en á Ísafirði, ef leita þyrfti vars, því hann vildi ekki að menn kæmu í land nema þegar búið væri að fylla.
Það brældi snögglega á Ólaf og félagar í fyrstu veiðiferðinni og hann er á leið inn Djúp þegar hann kemur auga á skip á reki með neyðarflaggið uppi. Þetta var gufuskipið Ásgeir, en skrífan hafði losnað af öxlinum og skipið rak út Djúpið í vondu veðri. Það var farið að skyggja og Ólafur sá að hann hefði engin tók á að bjarga skipinu við þessar aðstæður, og undir seglum. Þegar birti aftur ákvað Ólafur að leita gufuskipsins og fann það um síðir. Veðrið hafði versnað til muna, en Ólafi tókst að koma enda yfir í Ásgeir og dró hann á seglum inn á Dýrafjörð, við mikinn barning. Ólafur þurfti að sigla beitivind með hitt skipið í togi og tók það tímann sinn. Hann náði loks inn á Haukadalsbót, en þar voru fyrir einar 15-20 franskar skútur. Menn ætluðu vart að trúa eigin augum þegar þeir sáu skútuna koma inn fjörðinn

í vitlausu veðri, með gufuskip í togi. Ólafur hóf sem sagt sinn skipstjóraferil á þennan hátt. Faktorinn kallaði hann fyrir sig og greiddi honum þúsundkall fyrir björgunina og annan þúsundkall sem áhöfnin átti að skipta með sér. Og Ásgeir litli var lengi við líði eftir þetta,“ segir Jón, en hann kann margar sögurnar af svaðilföllum vestfirskra sjómanna frá liðnum árum.

Nýi tíminn ekki í uppáhaldi

Stálskip eru ekki í uppáhaldi hjá Jóni og nýi tíminn í skipasmíðum höfðar ekki til hans. Hann er þó að vinna að smíði skuttogara og notar tilbúið módel af síðutogara sem grunn að honum. Hann hefur enga sérstaka fyrirmynd í huga við smíðina og hefur bætt við búnaði sem honum finnst henta. Vél er í togaranum og þurfti Jón að hanna og smíða skrífuhring til að togkrafturinn skilaði sér. Og af því að enginn kvóti er á togaranum hefur Jón haft toggálgann þannig að hægt er lækka hann. Já ekki skortir á hugvit-ið, og hver veit nema það ný-ist í fullvöxnu fiskiskipi.

Við séra Magnús Erlingsson mæltum okkur mót í Ísafjarðarkirkju snemma að morgni um síðustu helgi. Bærinn var löngu kominn í jólabúning. Hefðbundnar ljósaskreytingar minntu á þá hátíð ljóss og friðar sem í vændum er, en jafnframt minntu þær á annríkið og kaupmennskuna sem einkenna jólaföstuna í lífi helsti margra í helsti ríkum mæli. Meira að segja jólasnjórinn var kominn á sinn stað, en raunar er fátt hverfulla á landi hér en jólasnjór sem fellur fyrir miðjan desember.

Ég nýt jólanna í fað

Séra Magnús Erlingsson er aðeins 38 ára en hefur þjónað kirkjunni á annan áratug. Hér á Ísafirði hefur hann verið sóknarprestur í sex ár. Eigin-kona hans heitir Kristín Torfa-dóttir og útskrifaðist á sínum tíma úr Myndlista- og hand-íðaskóla Íslands. Hún er reyndar fædd í Þýskalandi og á þýska móður, en átti lengst af heima í Reykjavík. Í lok nóvember eignuðust þau hjónin sitt fyrsta barn, sem er „lítill dökkhærð stúlka. ákaf-lega yndisleg“, segir séra Magnús.

Móðurætt séra Magnúsar er héðan vestan frá Djúpi og skyldmenni á hann mörg á Ísafirði, þannig að hann er í nokkrum skilningi kominn á heimaslóðir, þótt hann teljist Reykvíkingur að uppruna. Foreldrar hans eru Erlingur Magnússon, Reykvíkingur sem á ættir að rekja upp í Hvalfjörð og Borgarfjörð, og Sigríður Hermannsdóttir,

fædd við Ögurvíkina inni í Djúpi. „Þar áttu afi minn og amma heima, Hermann Her-mannsson og Salóme Gunn-arsdóttir“, segir séra Magnús. „Fyrst bjuggu þau í risinu í stóra gamla húsinu í Ögri, sem nú hefur nýlega verið gert upp. Amma mín var upphaflega tekin þangað í fóstur. Hún missti ung móður sína og fór þá með föður sínum suður á Bessastaði, þar sem hann var ráðsmaður, en kom svo aftur vestur að Djúpi og var tekin í fóstur í Ögri.

Síðan byggðu afi og amma sitt eigið hús niðri við Ögur-víkina og nefndu það Sval-barð. Þau höfðu ekki mikið af skepnum en afi stundaði sjóinn. Hann keypti bát sem smíðaður var í Bolungarvík og gaf honum nafnið Her-móður. Á þessum báti reri afi minn á Djúpið til fiskjar og jafnframt flutti hann fólk. Meðal annars var hann oft í því að flytja lækinn milli

staða.“

Þarna við Ögurvíkina eign-uðust amma og afi séra Magn-úsar ellefu börn. Eftir seinni heimsstyrjöld tók fólk að fækka við Djúp. „Að vísu voru systkinin dugleg að hjálpa afa við að beita og stokka upp línuna og annað sem til féll“, segir Magnús, „en þar kom þó að ákveðið var að flytjast hingað út á Ísafjörð. Börnin voru þá orðin stálpuð eða fullvaxta mörg hver og stóðu ekki lengi við hér. Þannig var um Sigríði móður mína. Hún var ekki nema tvö ár hér á Ísafirði en fór þá ásamt syst-um sínum til Húsavíkur og síðan til Reykjavíkur.“

Villugjarnt á Skutulsfjarðareyri

„Ég kom stundum hingað til Ísafjarðar sem lítill strákur. Þá var oft mikið af krökkum á sumrin hjá afa og ömmu í Mjógötu 3, þar sem Halldór

Hermannsson móðurbróðir minn á ennþá heima. Frá þeim tímum æsku minnar á ég ýmsar minningar. Ég man vel eftir Bæjarbyggjunni sem var þar skammt frá. Og það kom fyrir að ég týndist, eins og gengur. Frá fermingaraldri liðu síðan tuttugu ár þangað til ég kom hingað næst og þá sem prestur og þá fann ég vel hvað það er auðvelt að villast hér í bæ. Þetta hljómar nú dálítið ótrúlega, en það er vegna þess að eyrin er svo bogin að auðvelt er að tapa hér áttum á leið sinni.“

Móðurbræðurnir og ættareinkennin

– Þú nefndir einn af hinum landskunnu bræðrum móður þinnar, Halldór Hermannsson skipstjóra hér á Ísafirði. Á meðal annarra bræðra hennar má nefna Sverri bankastjóra, Gísla Jón útgerðarmann í Reykjavík og Birgi Her-

mannsson, sem löngum hefur róið einn á báti hér vestra. Þessir bræður eru að jafnaði nokkuð kjarnyrtir, að ekki sé meira sagt, og draga þar hvergi af. Ekki spara þeir heldur róminn ef svo ber undir. Þú hefur vissulega þennan bjarta og fallega svip sem einkennir allt það fólk af þessari ætt sem ég hef séð. Á hinn bóginn virðist þú vera öllu mýkri og stilltari í máli en þessir þjóð-kunnu kjaftaskar, frændur þínir, ef mér leyfist að viðhafa slíkt orðbragð í hátíðarviðtali við sóknarprest...

„Já, þetta er alveg rétt. Í þessari ætt skiptir í tvö horn. Sumir eru mjög rólegir og yfirvegaðir og má þar einkum nefna Þuríði móðursystur mína á Húsavík. Líklega tilheyrir ég þeim hluta ættar-innar. Stundum hef ég nú saknað þess að hafa ekki til að bera þessa málgleði frænda minna, að ég tali nú ekki um raddstýrkinn! Ég fann vel fyrir

því, þegar ég kom hér fyrst vestur sem prestur og kirkjan var til húsa í sal Framhalds-skólans til bráðabirgða. Þar var ekkert hátalarakerfi og hljómburðurinn mjög daufur. Þá varð mér stundum hugsað til þess, að nú væri gott að hafa raddstyrk móðurbræðra minna. Að ekki sé nú minnst á það, ef ég er að tala utanhúss yfir hópi fólks. En það hefur líka sína kosti að vera lág-mæltur en skýrmæltur og ég hyggt að það heyrir vel það sem ég segi hér í kirkjunni. En helsti kosturinn er þó annar: Ég hef tekið eftir því að þessir frændur mínir verða flestir heymarlitlir með árun-um, en það er út af hávaðanum í þeim sjálfum.“

Prestar og pólitík

– Man ég það ekki rétt, að þú hafir talist nokkuð til vinstri í pólitík á yngri árum og verið einnig að því leyti nokkuð á skjön við þessa gustmiklu



Umfi fjölskyldunnar

frændur þína? Raunar virðist mér að hér vestra hafi löngum verið meira um vinstrisinnaða presta en gengur og gerist í þeirri stétt og kannski óþarfi að telja þá upp...

„Mig minnir að Winston Churchill hafi komist að orði á þá leið, að eitthvað væri að þeim mönnum sem ekki væru vinstrisinnaðir fyrir þrítugt, en jafnframt væri eitthvað bogið við þá menn sem ekki yrðu hægrisinnaðir eftir þrítugt. Það er rétt að ég var mjög vinstrisinnaður þegar ég var í menntaskóla. Það voru árin mín með Karli Marx. Þá ríkti ákveðinn bóhem-lífsstíll og ég var upptekinn af bókmenntum, jazztónlist og ýmsu fleiru. Síðan dofnaði þessi áhugi mjög í háskólanum. Upp frá því hef ég ekkert skipt mér af pólitík og get ekki talið mig neitt sérstaklega til vinstri, og reyndar ekkert að ráði til hægri heldur. Það er einhver sannleikur í þessu öllu. En ég held

að það sé ekki mjög heppilegt fyrir presta að vera áberandi í pólitík. Stjórn málin eru oft óvæginn og þar eru menn dregnir í dilka. Það er æskilegt að ekki sé hægt að draga prestinn á einhvern tiltekinn bás og eyrnamerkja hann einhverjum ákveðnum hópi sem er að takast á við aðra hópa í samfélaginu.“

Umfi á yfirreið um landið

– Hvernig var svo menntavegurinn hjá þér og starfsferillinn eftir það?

„Ég var í Menntaskólanum í Reykjavík og lauk þar stúdentsprófi árið 1979. Síðan lá leiðin í Háskóla Íslands. Ég hafði töluverðan áhuga á heimspeki, guðfræði og bókmenntum en sá það alls ekki fyrir mér á þeim árum að ég yrði prestur. Prestarnir í Reykjavík voru miklu eldri en ég sjálfur og það var einhvern veginn ekki svo

auðvelt að setja sig í þeirra spor. Ég hóf nám í heimspeki og stundaði það fyrsta veturinn í háskólanum. Síðan vann ég um sumarið með Pjetri Maack, sem var útskrifaður úr guðfræðideildinni, og þá sá ég að vel væri hægt að sækja eitthvað af tímum í guðfræði án þess að í því fælist yfirlýsing um að ég ætlaði endilega að verða prestur. Þannig byrjaði ég í guðfræðideildinni. Síðan breyttist viðhorfið eftir því sem leið á námið. Og þá sá ég líka að prestar eru bara menn rétt eins og aðrir og hugsanlega gæti ég alveg staðið í þeim sporum.

Eftir að námi lauk réðst ég austur á land, starfaði sem aðstoðaræskulýðsfulltrúi kirkjunnar á Austurlandi og bjó á Reyðarfirði. Síðan fluttist ég aftur til Reykjavíkur og hóf störf á Biskupsstofu sem fræðslufulltrúi Þjóðkirkjunnar. Félagar mínir sögðu þá

að ég væri hinn eini sanni Umfi, svo vísað sé í Kristnihald undir Jökli. Og rétt eins og Umfi í sögu Laxness, þá ferðaðist ég dálítið um og kynnti mér kristnihaldið í landinu, ásamt því sem ég flutti erindi og hélt fræðslufundi.“

Til Ísafjarðar

„Á Biskupsstofu starfaði ég fimm ár. Það var ágætur tími. Á þessum árum kynntist ég konunni minni og við vorum farin að velta því fyrir okkur að flytjast út á land, jafnvel þótt við værum bæði Reykvikingar. Við hugleiddum nokkra staði sem þá voru lausir, staði eins og Odda á Rangárvöllum, Patreksfjörð og Ísafjörð. Okkur leist best á Ísafjörð til þess að búa á, þrátt fyrir ákveðna annmarka á starfinu hér, vegna þess að þá voru hér miklar deilur um kirkjubygginguna. En ég

ákvað samt að slá til og sjá til hvernig þessi mál myndu þróast og réð mig hingað í eitt ár. Sem betur fer gekk þetta allt vel og nú erum við búin að vera hér í sex ár.“

Öldurnar hefur lægt

– Þú nefndir deilurnar um kirkjumálin hér á Ísafirði um það leyti sem þú réðst hingað. Er það ósætti úr sögunni? Einhvern veginn fannst manni þá að seint myndi gróa að fullu...

„Þær öldur hefur alveg lægt. Ekki verð ég var við annað. Fólk vildi leysa málin og mál af þessu tagi verða ekki leyst nema einhverjir gefi eftir. Ólík sjónarmið voru uppi og tekist var á um þau í nokkurn tíma, eins og kunnugt er. Niðurstaðan varð að byggja nýja kirkju á gamla staðnum. Auðvitað var mikil eftirsjá að gömlu kirkjunni. Ég fylgdist svolítið með þessu úr fjarlægð og veit raunar ekki hvaða pól

ég hefði sjálfur tekið í hæðina hefði ég búið hér þá. En mér þykir mjög vænt um gömul hús. Þau hafa ákveðna sál, ég tala nú ekki um hús eins og kirkjur. Þær eiga ekki aðeins sína eigin sögu, heldur tengist hún sögu svo margra og þess vegna eru kirkjur svo dýrmætar í hugum þeirra. Það var að sjálfsögðu mjög erfitt fyrir marga bæjarbúa að sjá eftir gömlu kirkjunni sinni, bæði þegar hún skemmdist í eldsvoðanum og ekki síður þegar ákveðið var að taka hana ofan og byggja nýja í staðinn. En ég man vel eftir mönnum sem höfðu það á orði, eftir að þeir voru búnir að koma í fyrsta sinn í nýju kirkjuna og vera hér við eina athöfn, að nú væru þeir sáttir. Hugsanlega tóku þeir þá ákvörðun að setta sig við orðinn hlut.“

Ísafjarðarkirkja hin nýja

– Hvernig líkar þér við

kirkjuna nýju?

„Ég held að við getum verið mjög ánægð með hana. Það er oft sagt að glöggst sé gests augað og ég heyri á aðkomufólki sem kemur hér inn, að það sé mjög hrifið. Því finnst húsið stílhreint og það finnur hér fyrir ákveðinni helgi og fegurð. Þegar ég heyri slíkt, þá finnst mér að þessi bygging hafi tekist vel.“

– Það er alþekkt frá fornu fari, hérlandis jafnt sem erlendis, að grafir séu undir kirkjugólfi. Svo mun vera hér...

„Já, það eru rétt innan við þrjátíu grafir þekktar hér undir gólfi hinnar nýju kirkju. Að auki nokkur óþekkt leiði. Það kom í ljós, sem okkur var ekki kunnugt þegar við vorum að taka upp grunn gömlu kirkjunnar, að við hana hafði verið reist viðbygging til norðurs út í kirkjugarðinn, þar sem kórinn og orgelið voru. Þar undir voru gamlar grafir sem menn höfðu í þá tíð byggt yfir, þannig að þetta er í sjálfu sér ekkert nýtt. Þetta var gert með samþykki aðstandenda og í samráði við þá. Og þess má geta, að hinn 25. nóvember síðastliðinn fór fram útför hér í kirkjunni og hin látna var jarðsett hér undir kirkjugólfinu. Fyrirhugað er að setja upp hér í kirkjunni minningarskjöld vegna þessara leiða.“

– Eru enn einhver legstæði laus hér í gamla kirkjugarðinum á Eyrartúni?

„Hér eru enn nokkur legstæði sem hafa verið frátekin fyrir löngu, en garðurinn er yfirfullur.“

– Eru til góðar skrár um grafir í garðinum?

„Ekki frá fyrri tímum. Það er nokkuð góð skráning frá því á fyrri hluta aldarinnar og sérstaklega frá miðri öldinni og síðan, en svo virðist sem menn hafi ekki verið nógu duglegir að skrá legstæði í byrjun þessarar aldar, nema þær skrár hafi þá týnst. Það var augljóst þegar grafið var fyrir nýju kirkjunni, að garðurinn er mjög gamall og má segja að legstæðin séu á þremur hæðum.“

– Hvað er að það helsta sem enn er ógert hér í kirkjunni?

„Ég nefndi áðan minningarskjöldinn. Einnig er eftir að setja upp altariðstöflu. Ekki er enn farið að vinna neitt að því máli. Í undirbúningi er að kaupa altarisklæði í litum kirkjuársins. Á dagskránni er að halda áfram vinnu við safnaðarheimilið. Safnaðarsalurinn er ennþá alveg hrár og þar vantar að ganga frá bæði lofti og gólfi. Einnig þyrfti að kaupa millihurð milli kirkjusalar og safnaðarsalar. Að utanverðu er einnig nokkuð ógert. Koma þarf upp regnskyggni yfir anddyri og leggja göngustíga meðfram kirkjunni. Og þakið á safnaðarheimilinu þarfnast endurbóta og breyttrar hönnunar. Í snjónum miklu fyrir tveimur árum kom í ljós að það þoldi ekki fargið.“

Annasamt prestakall

– Nú er kominn aðstoðarprestur hér á Ísafjörð. Þetta hefur væntanlega verið ákaflega annasamt brauð hjá þér á umliðnum árum...

„Já. Það var baráttumál þriggja síðustu presta hér að fá aðstoðarmann eða að eitthvað annað yrði gert í þessum málum. Þar var alla tíð við ramman reip að draga, því að lög gera ráð fyrir að einn prestur geti þjónað fjögur þúsund manns. Í Reykjavík er til dæmis ekki farið að huga að aðstoðarpresti fyrr en fjöldi sóknarbarna er kominn langt yfir það, jafnvel upp í sjö eða átta þúsund. Munurinn hér er hins vegar sá, að prestakallið nær yfir þrjár þéttbýlissóknir, Hnífsdal, Ísafjörð og Súðavík. Það hefur í för með sér, að þrennt er af öllu og starf á þremur stöðum, þrjár jólamessur, þrjár messur á sjómannadag og svo framvegis. Fyrst og fremst þetta hefur gert prestakallið svo viðamikilið. Séra Jakob fékk aðstoðarprest um skeið, en fjárhagslegur grundvöllur þess embættis var ekki nógu vel tryggður á þeim tíma. Séra Karl Matthíasson barðist mikið fyrir þessu og varði miklu af tíma sínum og fjármunum meðal annars til þess að fara suður og ræða við fjárveitingaavalðið. Síðan gerðist það í desember árið 1990, að fjárveitinganefnd lagði kirkjunni til eitt nýtt embætti aðstoðarprests, en það embætti kom ekki hingað vestur, heldur fór það í Breiðholts- og Árbæjarhverfi í Reykjavík, enda var þörfin þar einnig mikil. Næstu árin á eftir einbeittum við okkur að því að vinna að málinu á Kirkjuþingi. Þar var samþykkt haustið 1991 og aftur haustið 1995 að það væri forgangsverkefni að á Ísafjörð kæmi aðstoðarprestur. Ég hygg að fyrst og fremst vegna þessara samþykktu hafi það fengist fram að nú hefur verið ráðinn aðstoðarprestur hér í Ísafjarðarprestakalli.“

Aida og Verdi

– Hvað gerir sóknarpresturinn á Ísafirði helst í frístundum?

„Ég á litla seglskútu sem ég sigli á sumrin. Hún er núna í uppsátri hér í vetur. Þetta er afar lítill bátur og ber nafnið Aida.“

– Ekki Hermóður eins og báturinn hans afa þíns...

„Nei, sá bátur er reyndar enn á floti og Birgir frændi minn rær á honum. Þeir frændur mínir létu gera upp gamla bátinn hans afa. Birgir lét setja á hann hús og rær héðan frá því snemma á vorin og fram á haust.“

– Ekki þó úr Ögurnesinu eins og forðum daga...

„Nei, það er styttra að róa héðan og úr Bolungarvík. Annars skilst mér að aftur sé að koma fiskur inn í Djúp. Þetta fann ég í sumar þegar ég var á ferðum mínum á skútunni. Hvar sem ég setti niður færi var þorskur á hverjum öngli. Fiskurinn er aftur að



Sr. Magnús og eiginkona hans, Kristín Torfadóttir með nýfædda dóttur sína.

koma hér inn á firðina. Kannski er þetta afleiðing vermdunaraðgerða eða ef til vill er þetta vegna einhverra breytinga í sjónum. En ég á fleiri áhugamál en siglingarnar. Ég geri mikið af því að lesa bækur og hlusta á tónlist...”

– Jazzinn ennþá eins og í gamla daga?

„Nei, nú hlusta ég aðallega á sígilda tónlist...”

– Verdi, kannski?

„Já, eins og nafnið á skútunni gefur vissulega í skyn. Ég hef ánægju bæði af óperum og ballett. Svo má nefna, að ég er um þessar mundir mér til gamans að læra söng hjá Guðrúnu Jónsdóttur. Á veturina eru svo gönguskiðin. Þetta eru nú helstu áhugamálin.“

– Ferðu í langferðir á skútunni?

„Nei, ég fer nú bara rétt út á Djúpið.“

– Ertu með vél í henni líka?

„Það er reyndar utanborðsmótor, en reglan hjá mér er að nota hann sem minnst. Ég reyni bara að láta vindinn bera mig. Það er mjög skemmtilegt og róandi að sigla. Ég nota bátinn miklu frekar til siglinga en fiskiveiða, þó að ég renni færi stöku sinnum.

Einn af kostunum við að búa hér fyrir vestan er náðbýlið við náttúruna. Það á fólk að nýta sér með því að fara í göngutúra og á skiði. Margir eiga báta sem þeir nota á sumrin og skreppa á Hornstrandir og víðar hér um slóðir. Það er til lítils að búa hér ef menn nýta ekki kosti landsins og náttúrunnar.“

Samfélagið á Ísafirði

– Finnst þér betra að búa hér á slóðum hins vestfirska uppruna þíns en í Reykjavík?

„Já, það eru ákveðnir kostir við að búa hér. Það er kostur að vera í samfélagi sem er ekki mjög fjölmennt, þar sem fólk þekkir þig og þú þekkir aðra. Á stað eins og hér samgöðst fólk, þegar tilefni er til þess. Gott dæmi er fæð-

ing litla barnsins okkar um daginn. Hér gengur maður út af sjúkrahúsinu og mætir strax fólki á götunni sem óskar manni til hamingju. Í Reykjavík ganga menn út af fæðingardeildinni og enginn veitir þeim athygli. Það er svo margt notalegt í samfélagi eins og hér. Þú þekkir mennina sem vinna á bifreiðaverkstæðinu eða í búðinni. Ef þú þarft á hjálp að halda, þá veistu hvert þú getur farið og beðið um hana. Svo njótum við þess, vegna þess að Ísafjörður er þó það stórt samfélag, að hér er töluvert menningarlíf, og má þar nefna tónlistina og leiklistina. Það hafði sín áhrif þegar við ákváðum að setjast hér að. Uppruni minn á þessum slóðum hafði auðvitað sitt að segja líka. Hér þekkti ég margt fólk fyrir.“

Grænt flagg í Sauðlauksdal

– Þér hefur ekki dottið í hug að sækja um Sauðlauksdal? Hann hefur löngum verið laus...

„Það held ég nú ekki. Já, Sauðlauksdalur var alltaf laus þegar ég var í guðfræðideildinni. Við vorum þar með Íslandskort á kaffistofunni og höfðum litla pinna þar sem prestar sátu en grænt flagg þar sem prestaköll voru laus. Öll árin mín í guðfræðinni var grænt flagg í Sauðlauksdal. Menn voru ekki mjög spenntir fyrir því að fara þangað. Það er kannski dæmigert fyrir þá breytingu sem hefur orðið í íslensku þjóðlífi, að sveitirnar hafa verið að tæmast af fólki, því miður. Það vilja orðið allir búa í einhverju þéttbýli. Og vegna þess að landbúnaður hefur verið að dragast saman, þá geta prestar ekki stundað búskap jafnframt prestsstarfinu eins og áður var. Þá leita menn enn frekar í þéttbýlið. Í dag þarf makinn líka að hafa vinnu.“

„Hvenær ferðu?“

„Um þessar mundir er mikið rætt um fólksflóttann héðan af Vestfjörðum. Ég minnst atviks frá því að ég var á Reyðarfirði. Þar var skemmtilegur karl sem vann á bensínstöðinni. Ég var nýfluttur á staðinn og kom á bensínstöðina og karlinn spurði: Hvenær ferðu? Ég svaraði því til, að ég hefði nú verið að koma. Þá segir hann: Ég er orðinn svo leiður á því að spyrja fólk hvernig því líki hér, að ég spyr bara: Hvenær ferðu? Það eru nú liðin um fimmtán ár frá því að þetta gerðist, þannig að fólksflóttinn af landsbyggðinni er ekkert nýtt vandamál. Leiðin liggur suður. En vera má, að þetta breytist aftur á nýrri öld. Ég finn það svo vel, þegar við förum til Þýskalands og heim-sækjum fólk, okkar þar, að þar eru önnur viðhorf uppi. Þar er munaðurinn einmitt í því fölginn að búa utan við stórborgir.“

– Hefurðu nokkurn tíma séð eftir því að fara í guðfræðina?

„Nei, ég hef aldrei séð eftir því. Þetta er mjög gefandi starf. Þú vinnur með og kynnist fólki í öllum störfum og stéttum. Þú tekur þátt í lífi þess, gleði og sorgum. Prestar fá þakklæti fyrir störf sín. Ég hef aldrei séð eftir því að velja mér prestsskapinn.“

– Ég spyr eins og karlinn á Reyðarfirði: Hvenær ferðu?

Séra Magnús hlær. „Að minnsta kosti ekki í brád! Ég hugsu nú aldrei mjög langt fram í tímann. Áætlanir okkar mannanna geta breyst. Það var nú einhver karl hér á Ísafirði sem sagði við mig, að þegar ég væri búinn að fá mér bát og vélsleða, þá fyrst væri hann viss um að ég ætlaði að vera hér áfram. Nú er ég að minnsta kosti búinn að kaupa bátinn!“

Ekki kaupa vélsleða handa sóknarprestinum...

– Ætli sóknarbörnin skjóti þá ekki saman í vélsleða handa prestinum sínum í jólagjöf þegar þau lesa þetta...?

„Ég mundi nú frekar hvetja það fólk til að verja þeim fjármunum til Hjálparstofnunar kirkjunnar heldur en í slíkt leikfang handa mér. Nú er aðventan og jólagjafir til umræðu. Þá er gott að fólk minnst þess að Jesús fæddist fátækur í fjárhúsi og var lagður í jötu. Ekki síst á þessum tíma eigum við að minnast þeirra sem minna mega sín. Aðventan ber einnig nafnið jólafasta. Núna á jólaföstudni er Hjálparstofnun kirkjunnar einmitt að safna fé fyrir bágstadda. Því megum við ekki gleyma í öllum gleðskapnum og tilstandinu hjá okkur á aðventunni, þegar við erum stundum heldur upptekin af jólahlaðborðum og ýmsu öðru.“

Ítalskur tilfinningahiti Vestfirðinga

– Nú hefur það verið í fréttum úr Reykjavík síðustu daga, hversu óskaplega margir leita þar til hjálparstofnana eftir nauðpurftum og einhverjum glaðningi fyrir jólin. Er mikið um að leitað sé til kirkjunnar hér vestra eftir hjálp af því tagi?

„Nei. Vissulega getur fólk snúið sér til prestanna hér. Það kemur stundum fyrir og við getum sent umsóknir áfram til Hjálparstofnunar kirkjunnar, en flestir leita til félagsmálayfirvalda í bænum ef nauðsyn krefur. Á hinn bóginn er samhjálpin hér miklu meiri en í þéttbýlinu syðra. Nágrannar og kunningjar, félög og klúbbar hlaupa hér miklu frekar undir bagga, ef þörf er á. Það er einmitt einn kosturinn enn við að búa í litlu samfélagi. Þar eru menn vinir. Samfélagið hér fyrir vestan er mjög sérstakt. Mér finnst stundum að það sé dálítið ítalskt, ef svo má segja. Hér

er gríðarlegur tilfinningahiti, eins og vel hefur komið fram í pólitíkinni að undanfögnu. Menn viðhafa stór orð hver í annars garð, rétt eins og Ítalirnir gera. En ef eitthvað bjátaði á, þá vitum við að þessir sömu menn myndu taka um axlimar hver á öðrum og gráta saman og hjálpa hverjir öðrum. Þetta er eitt af því sem er svo heillandi við Vestfirðinga. Tilfinningarnar eru svo miklar og margbreytilegar.“

Skötulyktin í dyra-
stafnum að Mjögötu 3

– Borðar þú kæsta skötu og hnoðmör? Mér finnst eins og útvarpið hafi hringt í frænda þinn hér vestra og spjallað við hann fyrir hver jól svo lengi sem ég man til þess að fræðast um þennan ramm-vestfirska Þorláksmessumat... „Já, ég geri það á Þorláksmessu. Þá fer ég alltaf í Mjögötuna til Dóra og fæ skötu. Það er tvennt sem ég man sérstaklega vel eftir frá því að ég var lítill drengur hér á Ísafirði og var að heimsækja ömmu mína. Annars vegar lyktin af skötunni og hins vegar sjávarlyktin sem hér var þá. Nú er búið að fylla svo mikið hér upp að fjörunnar

hafa minnkað og sjávarlyktin að sama skapi. Þó er hægt að fara hér út með Prestabugtinni og finna góða fjörulykt. En skötulyktin er enn föst í dyrastafnum að Mjögötu 3. Það er mjög notalegt.“

Siðir og form

„Það er gaman að öllum svona siðum. Siðir eru dýr-mætir. Líka fyrir kirkjuna. Það er oft talað um formfestuna í kirkjunni, en hún er dýr-mæt. Formfestan er aðferð til þess að lifa okkur inn í helgihaldið. Við sjáum það kannski best við útfarir. Þar ríkja ákveðnir siðir, sem fólk vill helst ekki breyta út af nema eitthvað alveg sérstakt liggi þar að baki.“ – Lengi býr að fyrstu gerð, og ég kann aldrei almennilega við presta öðruvísi en í svartri hempu og með hvítan pípu-kraga eins og hann séra Hálfván á Mosfelli þegar ég var barn í þeim hreppi Mos-fellshreppi... „Þetta er einmitt dæmi um það, hversu ríkur vaninn er og hefðirnar í hugum fólks. Við erum nú flestir í hempu. Reyndar hefur orðið sú breyt-ing, að við messur klæðast prestar hvítu rykkilíni yfir

hempuna og hökli sem er í mismunandi lit eftir árstíðum kirkjuársins. En þegar við göngum út í kirkjugarð og við ýmsar athafnir aðrar erum við á svörtu hempunni. Svo að ég taki alveg nýlegt dæmi frá vígslu íþróttahússins á Þing-eyri, þá var sóknarpresturinn þar, séra Guðrún Edda Gunn-arsdóttir, einmitt í svartri hempu við þá athöfn.“

Hefðbundið jólahald á heimili prestsins

– Hvemig eru jólin á heimili sóknarprestsins á Ísafirði? „Jólahaldið á heimili okkar er mjög hefðbundið. Á að-ventunni reynum við að hafa það frekar rólegt, gefa okkur tíma til að lesa, hlusta á tónlist, drekka saman heitt kakó og borða þýskt jólabrauð, Stoll-en, sem konan mín bakar alltaf að hætti móður sinnar og ömmu. Við gerum dálítið af því að útbúa sjálf gjafir og skraut. Reyndar skreytum við heimilið ekki mjög mikið, en við reynum að útbúa það sjálf og hafa það notalegt. Þegar síðan kemur að sjálfri jóla-hátíðinni, þá gerum við eins og aðrir, við borðum góðan mat, tökum upp pakka, lesum jólakort, hringjum í ættingja

og förum í kirkju. Að vísu eru kirkjuferðirnar líklega heldur fleiri hjá mér en almennt gerist, eins og við er að búast!“

Andi jólanna

„En þetta er ákaflega mikil-vægt, að mínum dómi, að fólk gefi sér góðan tíma á advent-unni til að slaka á og njóta lífsins með fjölskyldunni. Það er dálítill hætt á því að þessi mánuður verði svo anna-samur, að loksins þegar jólin sjálf koma verði eins konar spennufall, að þá þurfi fólk bara að liggja og hvíla sig. En þannig á það ekki að vera. Þá er hætt á því að jólin verði ekki eins skemmtileg og þau ættu að vera. Á jólum á fólk að geta gefið sér tíma til að vera með vinum og ættingj-um, fara í heimsóknir og eiga góðar stundir með öðru fólki. Þannig var það forðum, þegar fjárhirðamir komu til Maríu og Jósefs og englarnir sungu svo fyrir þau. Það er slíkur söngur sem þarf að hljóma í hjörtum okkar á jölunum.“ Hlynur Þór Magnússon

Sr. Magnús Erlingsson, sóknarprestur á Ísafirði.



Ísafjörður

Aðalhindrun „strætó“ á Ísafirði úr sögunni

Ljósmyndari BB tók þessa mynd þegar unnið var að niðurrifi hússins að Sundstræti 15, á Ísafirði í síðustu viku. Húsið, sem stóð út í götuna, hefur komist í fréttir vegna skemmda sem orðið hafa á því við ákeyrslur þar sem „strætó“ hefur komið við sögu, en bæjarsjóður Ísafjarðarbæjar keypti það af eigandanum fyrr á árinu til að rýmka fyrir umferð um Sundstrætið. Að sögn Kristins Jóns Jónssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, er nú sá árstími þegar menn víða að sér efni í áramótabrennur og var því talið tilvalið að drífa í að rífa húsið og slá með því tvær flugur í einu höggi.



Fyrrum eigandi hússins að Sundstræti 15, Magnús Arnórsson, fylgdist með niðurrifinu í síðustu viku.



Ísafjarðarhöfn

Flotbryggja Fagranessins sökk

Flotbryggja Djúpbátsins Fagraness sökk s.l. sunnudag, en talið er að þungi af völdum snjós hafi valdið því að sjór komst í gegnum loftventla

þannig að flottankur bryggj-urnar fylltist. Aðfaranótt mánudags var reynt að ná bryggjunni upp með gáma-lyftara, en án árangurs.

Á mánudagsmorgun var kafari fenginn til að koma togvír í bryggjuna og tókst áhöfn togarans Guðmundar Péturs að hífa hana upp með

spili skipsins. Strax var hafist handa við dælingu úr flottank-inum, en eftir að henni lauk kom í ljós að bryggjan var óskemmd.

Sendum öllum Vestfirðingum okkar bestu jóla- og nýársóskir með þökk fyrir viðskiptin á liðnum árum



Hlaðbær - Colas Markhella 1 - Hafnarfirði

Sendum öllum Vestfirðingum okkar bestu jóla- og nýársóskir og þökkum ánægjuleg viðskipti á nýliðnum tveimur árum. Vonumst til að eiga góð viðskipti við Vestfirðinga sem oftast í framtíðinni.

Hugleiðing vegna viðtals

Kristján Þór Júlíusson nennir ekki að rifast um Norðurtangann eða Torfnes. Hann kveður málin snúast um Grunnskóla Ísafjarðar og það umhverfi, sem við ætlum að bjóða nemendum, starfsfólki og foreldrum barnanna upp á.

Mikið var nú gott að fá fram þessar upplýsingar, allir Ís-firðingar vita hvaða óhrjálega umhverfi hann og fylgisnatar hans ætluðu sér að bjóða bæjarbúum upp á til skólahalds, jafnframt sem þeir harðneituðu að kynna sér okkar tillögur um skólasetur í vistvænu umhverfi, en á fyllilega sambærilegum kostnaðargrunni.

Ísafjörður er víst ekki sama og Dalvík, en tvískinningur Kristjáns í skólamálum er svo gjörsamlega út úr kortinu, að ógerningur er að botna í því hvert maðurinn er eiginlega að fara.

Nú er gott að flytja heim á Dalvík, því þar hefur bæjarstjórnin tekið þá ákvörðun að hefja byggingarframkvæmdir við nýja skólann, óháð nýtingu gömlu skólahúsanna og miða við að taka byggingamar í notkun haustið 1999.

Stefna Kristjáns í skólamálum þann tíma sem hann var bæjarstjóri á Dalvík, var að tjasla upp á gamla draslið, þeirri stefnu hafa Dalvíkingar

nú góðu heilli hafnað, enda var Kristján Þór Júlíusson ekki þar á bæ lengur dragbítur í skólauppbyggingu. Sem betur fer hefur stefna hans endanlega beðið skipsbrot, ekki bara á Dalvík, heldur einnig nú á Ísafirði.

Kristján Þór Júlíusson býður ekki börnum sínum upp á þá framtíðarsýn, sem hinn nýi meirihluti í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar boðar, því hann vill koma börnum sínum til manns og flytur því norður á Dalvík.

Það er gott að geta hallað sér að nútímalegri skólauppbyggingu og vonandi fagna norðanmenn honum með lúð-



Sigurður R. Ólafsson.

rablæstri, þá er hann kemur til áttaganna.

Það er því fyllilega sannað að áhugi Kristjáns Þórs Júlíus-

sonar á uppbyggingu skólamála í Ísafjarðarbæ byggist á einhverjum annarlegum hugmyndum, en samanburðarhæfni við sinn fæðingarbæ.

Það getur verið að fortíðin sé komin til valda, en sú fortíð hefur trú á framtíð Ísafjarðar og skipuleggur sjóndeildarhring skólamála af festu og víðsýni.

Hafi það verið framtíðin, sem anaði áfram í villu og svima, með að eitt að leiðarljósi að breyta gömlu og úreltu frystihúsi í skólahúsnæði, húsnæði í óvistlegu umhverfi og á kostnaðarhugmyndum sem byggðust á óútfylltum víxli, þá gef ég ekki mikið

fyrir þá framtíð.

Á þá framtíð hefur verið slegið á fingurna á með þeim afleiðingum, að sumir standa enn og væla, en aðrir flýja af hólmi.

Ég er þess fullviss að dómur sögunnar um okkur sexmenn-inganna verði sá, að okkur hafi tekist að afstýra menningarlegu stórslysi í skólamálum Ísafjarðarbæjar.

Í reyndinni tel ég ekki að um draum hafi verið að ræða, heldur martröð og ég er fullviss um að tveir af nánustu aðstandendum aulaleiðarinnar, varabæjarfulltrúi D-listans, Óðinn Gestsson og bæjarfulltrúi E-listans, Krist-

KAUP & SALA ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

Vantar **ísskáp** fyrir lítinn pening. Axel í síma 456-3715.

Vantar lítið **skrifborð**. Upplýsingar í síma 456-4739.

Til sölu **eldavél** með keramik helluborði. Einnig til sölu **þvottavél**. Uppl. í síma 456-7533 e. kl. 19

Fatamarkaður Salem. Kjallari. Opíð föstudag kl. 17-19 og laugardag kl. 10-16. Ódýr fót fyrir jólin.

Til leigu **3ja herbergja** íbúð á Ísafirði, laus strax. Upplýsingar í síma 564-5045.

Burton snjóbretti til sölu! Upplýsingar í síma 899-3709. Biggi.

Til sölu **Subaru station**, árgæð 1989, 4x4. Upplýsingar í síma 456-4469.

Til sölu eða leigu **Hjallabyggð 9** Suðureyri. Upplýsingar í símu 567-6217 og 897-6183.

Til sölu **rauðbrún hillu-samstæða**, þrjár einingar. Upplýsingar í síma 456-8246 á kvöldin

Rjúpur til sölu. Upplýsingar í síma 456-5484.

Til sölu **MMC Galant**, 4x4, árgæð 1992. Skipti á ódýrari. Upplýsingar í síma 456-8172.

Til sölu eru Rossingos **gönguskiði**, án riffila. Lengd 193 sm. Seljast ódýrt. Uppl. í síma 563-6759.

Kristján Þór Júlíusson, fyrrv. bæjarstjóri skrifar

Lastmáll og kjassmáll!

Ég þakka BB það tækifæri sem mér gefst til að setja á blað nokkur orð í tilefni „hugleiðingar“ fyrrverandi samstarfsmanns míns, Sigurðar R. Ólafssonar.

Vel þekkt er að til að forðast málefnalega umræðu er að koma á flot sögum um náungann – koma höggi á helvítið, að því virðist til þess eins að upphefja sjálfan sig á annarra kostnað og réttlæta gerðir sínar fyrir sjálfum sér. Lastmáll og kjassmáll eru bestu félagar þess er stundar slíkt háttarlag. Þeir sitja á bekk saman, taka að sér söguburð-

inn, og það sem frá þeim gengur flýgur vítt og breitt – rekur frið úr húsi.

Máltækið segir: „Hugur minnir á en hönd og tunga framkvæmir“. Víst er það að hægur limur er tungan en hún getur vegið vopna best. Lausmælg og rógur hafa margsinnis drepíð gott verk í dróma, ósjaldan er víðsýni vant, en þetta er síður en svo nýtt fyrirbæri hér á landi. Í predikun Jóns biskups Vídalíns (1666-1720) á þriðja sunnudegi eftir Þrettándan segir svo:

„Munnurinn býr yfir högg-

ormaeitri. Hendurnar útrétta menn til að ræna og stela, til að slá og deyða. Fætunir eru skjótir til að hlaupa hinn breiða veg, sem til glötunar liggur. Eyrarlaufheyrast við Drottins orði, en klæja eftir nýjum lærdómum, eftir róg og bakmælg, eftir náungans óhróðri og nálega öllu því, er menn vilja þar illt í bera. Nasirnar hitna af fólksku, þegar vér sjáum þann, er vér þykj-umst eiga nokkrar heiftir að gjalda.“

Því miður getum við heimfært þessa aldagömlu lýsingu biskupsins að einhverju leyti



Kristján Þór Júlíusson. upp á þann veruleika sem blasir við okkur í dag á Ísafirði. Mér liggur við að segja að um þessar mundir liggi



ÍSAFJARÐARBÆR

BÆJARRITARI

Ísafjarðarbær auglýsir laust til umsóknar starf bæjarritara. Bæjarritari er staðgengill bæjarstjóra og annast stjórn bæjarskrifstofa.

Umsækjendur skulu hafa reynslu af stjórnunarstörfum. Vakin er athygli á 5. grein jafnréttislaga um jafna stöðu kynjanna.

Laun samkvæmt kjarasamningi F.O.S.Vest.

Umsóknarfrestur er til 5. janúar nk.

Upplýsingar veitir formaður bæjarráðs, Jónas Ólafsson.

Ísafjörður

Ný hárgreiðslustofa tekur til starfa

Guðbjörg Hannesdóttir hefur opnað nýja hárgreiðslustofu að Pollgötu 4 á Ísafirði, við hlið Efnalaugarinnar Alberts. Samkeppni um nafn á stofuna stendur yfir og verður tilkynnt um úrslit hennar í fyrsta tölublaði BB á nýju ári.

Að sögn Guðbjargar hafa móttökur við nýju hárgreiðslustofunni verið frábærar frá opnun hennar fyrir viku. Hún mun starfa ein við reksturinn, til að byrja með a.m.k., og segist vera sveigjanleg hvað opnunartíma varðar nú fyrir jólin, og kvöld og helgar séu ekki heilagur tími í hennar augum. Guðbjörg efast ekki

um að grundvöllur sé fyrir þriðju hárgreiðslustofuna á Ísafirði. Hún er mjög bjartsýn á framtíðarhorfur og segir aukna samkeppni hið besta mál.

- En hvaða tískustraumar í hárgreiðslu skyldu eiga upp á pallborðið hjá Vestfirðingum nú um stundir?

„Létt permanent er mikið í tísku núna hjá kvenþjóðinni, þ.e.a.s. stórir liðir, en hjá herrunum eru óskirnir breytilegar, annað hvort vilja þeir hafa hárið mjög stutt eða til-tölulega sítt.“

Guðbjörg býður viðskiptavinum sínum upp á breiða línu

af hársnyrtivörum frá Fashion Formula Ecoly. Einnig selur hún náttúrulega ilmlínu frá Back to Basics, herralínu frá Icon og herra- og dömulinu frá Montage.

Guðbjörg bað um að símanúmeri hárgreiðslustofunnar yrði komið á framfæri, en það er 456 5191.

Guðbjörg Hannesdóttir ásamt ungum viðskiptavini á nýju hárgreiðslustofunni að Pollgötu 4.



Við Kristján Þór

inn Hermannsson, séu nú eitthvað að ranka við sér um að sennilega væru nú einhverjir annmarkar á breytingarhugmyndinni, því nú leggja þeir ofurkapp á að húsin verði keypt og rifin og síðan byggt upp á lóðinni.

Megi sá sem öllu ræður forða því að Ísafjarðarbær eignist fleiri slíka hugsuði, í bæjarstjórnir framtíðarinnar.

Tillaga Óðins Gestssonar, fyrrverandi formanns fræðslunefndar á fundi 10. desember sl., um að kaupa upp Austurveg 13 og 15, Tangagötu 29 og Sundstræti 36 og 45, rífa húsin og byggja þar skóla, krefst nánari skýringa. Það

skyldi þó aldrei vera að það hafi runnið upp fyrir honum ljós, að hugmyndirnar um fullkomnun og kostnaðarhlið Norðurtangaleiðarinnar í skólamálum væru hjóm eitt.

Eða má af þessu draga þá ályktun að hann hafi loks áttað sig á því að frá í júní í sumar hafi hann sem formaður fræðslunefndar þeytt flautuna í hlutverki „Rottuveiðarans frá Hameln” meðvitað eða ómeðvitað og eftir honum rölti öll fræðslunefnd, auk fleiri áhangenda.

Tillögugerð hans ber aftur á móti með sér, að hann sé fullmeðvitaður gjörða sinna og því gengur hann erinda

„Kristján Þór Júlíusson býður ekki börnum sínum upp á þá framtíðarsýn, sem hinn nýi meirihluti í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar boðar, því hann vill koma börnum sínum til manns og flytur því norður á Dalvík"

„Það er gott að geta hallað sér að nútímalegri skóla-uppbyggingu og vonandi fagna norðanmenn honum með lúðrablæstri, þá er hann kemur til áttaganna"

þeirra óþekktu afla, sem hafa allan tímann unnið markvisst að notkun bæjarsjóðs Ísafjarðarbæjar, með eigin hagsmuni

að leiðarljósi og þau mál krefjast hreinlega frekari rannsókna.

-Sigurður R. Ólafsson.

Frá ritstjóra

Þar sem Kristján Þór Júlíusson, fyrrverandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar er á forum frá Ísafirði og þar sem þetta er síðasta tölublað ársins, ákvað ritstjóri

í samráði við Sigurð R. Ólafsson, að gefa Kristjáni Þór tækifæri á svara skrifum Sigurðar í sama tölublaði og grein Sigurðar birtist og fer það hér til hliðar.

Þetta böl á samfélaginu eins og mara. Blessunarlega fyrirfinnast þó þeir staðir enn hér á landi, sem þetta fyrirbæri hefur ekki enn drepði í dróma. Því fyrr sem ísfirskt samfélag kemst upp úr þeirri lágkúru og stóryrðaflaum, sem fylgir þessu háttalagi, því fyrr mun ísfirsk sól rísa á ný.

Um innihald „hugleiðingar” SRÓ, að öðru leyti, vil ég sem minnst segja, en öðru vísi mér áður brá. Í ljósi samstarfs okkar SRÓ á liðnum árum komu kveðjur hans mér nokkuð á óvart og við lesturinn komu í hugann eftirfarandi vísuorð eftir Bólu-Hjálmar:

Nú eru fögru orðin geymd neðst á botni gleymsku,

kennður er ég við kláða og eymd, kulda, sult og heimsku.

Ef SRÓ telur nú, að það eitt geti orðið málum ísfirskis samfélags til heilla að kenna undirrituðum um flest sem miður fer hér um slóðir, og þó víðar væri leitað, þá vænti ég að honum hafi nú orðið að ósk sinni við starfslok mín.

Líkast til mun því allt hédan í frá ganga SRÓ og félögum hans í haginn og fylgja þeim frómar óskir.

Með ósk um friðsöm og gleðileg jól. Megi nýju ári fylgja farsæld og málefnaleg umræða hér í bæ, bæjarbúum öllum til hagsbóta.

Kristján Þór Júlíusson.

Kveðja frá stræto

Óskum öllum skólabörnum á Ísafirði og Hnífsdal, gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, með hjartans hlýhug og þökk fyrir árið sem er að líða.

Hittumst öll hress og kát á nýju ári.

Einnig sendum við kennurum, skólastjóra og öllum viðskiptavinum okkar bestu kveðjur.

Geiri og Rína



FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ
Á ÍSAFIRÐI

FSÍ óskar að ráða

Ræstitækna (starfsfólk til ræstinga) í fastar stöður frá 1. febrúar 1998

Um er að ræða ræstingar:

Á endurhæfingardeild í 50% stöðu í dagvinnu.

Á heilsugæslustöð í 57% stöðu í dag- og álagsvinnu.

Í kjarnabyggingu 2. og 3. hæðar í 100% stöðu frá kl. 11-19 virka daga.

Viðýmsar ræstingar í húsinu (ræstingar, hreingeringar, afleysingar, aðstoð við aðra ræstitækna, o.fl.) í 60-100% stöðu í dagvinnu.

Einnig við ræstingar og bítibúrsvinnu:

Á bráðadeild í 140-160% stöðum í dagvinnu (hlutastarf fyrir tvo starfsmenn).

Á öldrunarlæknideild í 70-80% stöðu í dagvinnu.

Umsóknarfrestur er til 15. janúar 1998.

Gert er ráð fyrir fræðslu og sýnikennslu í meðferð ræstingaráhalda, skúringar- og bónvéla og reglna um ræstingar á sjúkrastofnun fyrir þá sem ekki hafa fyrri reynslu.

Umsóknum skal skila til hjúkrunarforstjóra FSÍ á eyðublöðum sem fást í afgangi spítalans.

Nánari upplýsingar veita hjúkrunarforstjóri eða ræstingarstjóri í síma 450 4500.

Jóladansleikur

Jóladansleikur verður haldinn á 2. í jólum kl. 15 í íþróttahúsinu á Torfnesi. Miðaverð er kr. 2.000 fyrir manninn. Allir eru velkomnir.

Kíwanisklúbburinn Básar.

Gleðileg Jól

Jólahátíðin gengur í garð að nokkrum dögum liðnum. Í hraða nútímans er hlutverk jólaanna, hátíðar ljóss og friðar, eins og þau eru nefnd, mikið. Asinn sem ríkir hjá hjá flestum er slítandi. Þótt margir hafi þá trú, að mikill hraði skili betri árangri í lífinu, má ekki gleyma að manninum er innri ró nauðsynleg. Sé innri friður og rósemd fjarri manni er hætt við því, að líf hans verði slitrótt og tætingslegt.

Jólum fylgja áramót, gamalt ár kveður og nýtt tekur við. Þau minna okkur á hverfuleik lífsins. Það stendur ekki kyrrt heldur hreyfist stöðugt. Hreyfanleikinn gerir það að verkum að nauðsynlegt er að gleyma ekki sjálfum sér í miðri hringiðunni. Boðskapur jólaanna beinist inn á við jafnt og út.

Liðið ár

Á þessum tímamótum rifja menn upp atburði liðins árs, þessa skamma skeiðs í tilverunni, sem liðið er hjá eins og örskot. Árið 1997 hefur verið nokkuð gjöfult Íslandi, þótt enn beri deilur um um fiskveiðar og stjórnun þeirra nokkuð hátt í umræðunni. Til verkfalla hefur verið boðað á togaraflothanum. En með þjóðinni eða öllu fremur stjórnmalamönnum hefur skapast samstaða um stóriðju og auknar framkvæmdir í því sambandi. Samstaða sýnist ríkja um virkjun vatnsfalla til raforkuframleiðslu og uppbyggingu stóriðjuvera. Helst er á fulltrúum landsbyggðarinnar að heyra, að þeim þyki hún afskipt hvað þessa starfsemi varðar. Ekki heyrast lengur þær mótmælaraaddir, sem voru háværar fyrir rúmun þremur áratugum, við upphaf stóriðju í Straumsvík. Jafnframt er ljóst, að umsvifin á suðvesturhorninu ýta enn undir straum fólks þangað af landsbyggðinni.

Hún má búa við þá staðreynd að kvótakerfið hefur reynst henni þungt. Kvótinn hverfur frá henni, að minnsta kosti frá Vestfjörðum. Stór skip gera það einnig. Þó er margt annað að gerast sem augað fær ekki greint skýrt fyrir en síðar.

Samstaða íbúa landsbyggðarinnar er nauðsynleg. Sundrung er vísasti vegurinn til að ýta undir fækkun. Því miður hefur hún verið meira áberandi á Vestfjörðum en skyldi. Sveitarfélögum hefur fækkað mikið í fjórðungnum fyrir tilstilli sameiningar. Þau eru nú 12 en voru 32 fyrir rúmun áratug eða 20 fleiri. Af þessum 12 eru 6 hreppar í Strandasýslu. En stóru sameinuðu sveitarfélögin, Vesturbbyggð og Ísafjarðarbær, bera því miður nokkur merki uppdráttarsýki og enn fremur sundrungar, sem er kannski merki um hið fyrrnefnda. Því miður eru þessi sýnilegu einkenni slæm auglýsing fyrir Vestfirði og Vestfirðinga.

Þær miklu pólitísku deilur og hræringar, sem gengið hafa yfir Vesturbbyggð á undanförunum árum og eru nú áberandi í Ísafjarðarbæ, hafa vond áhrif á íbúana. Ókunnum áhorfanda sýnast þessar deilur fremur vera um persónulegan metnað einstakra manna en pólitísk átök, sem snúast um grundvallaratriði. Mjög er áberandi hve bæjarstjórar eiga stóran þátt að málum. Skyldi mönnum hafa gleymst að bæjarstjórar eru ekki pólitískir leiðtogar. Þeir eru aðeins framkvæmdastjórar kjörinna fulltrúa. Líf bæjarstjórnanna snýst að því er best verður séð um að stjórna bæjarstjórnunum og tryggja laun sín.

Fróðlegt væri að skoða fjárhæð biðlauna til bæjarstjóra í sveitarfélögumunum tveimur. Þeir fjármunir væru vafalaust betur komnir í skólamálum eða öðru þarflegu. Ljóst er að bæjarstjórnir byggðanna tveggja verða að breyta vinnubrögðum sínum. Bæjarfulltrúar bera ríkar skyldur og ein þeirra er sú, að þeir sem pólitískt kjörnir fulltrúar í þeirri lýðræðislegri kosningu geri sér grein fyrir því, að þeir eru yfirmenn bæjarstjóra, ekki undirmenn. Hin pólitíska ábyrgð er þeirra. Að nokkrum árum liðnum spyr enginn um ábyrgð bæjarstjóra, sem látið hefur af starfi að eigin ósk. Bæjarfulltrúar verða kallaðir til ábyrgðar.

Nokkur harka var í verkfallsátökum í sumarbyrjun og kannski eimdi eftir af henni í deilum um húsnæði grunnskóla.

Gleðilegt ár

Hver og einn á sínar góðu minningar frá liðnu ári, ef til vill einnig slæmar. Allir gera sér vonir um farsæld á komandi ári, árinu 1998. Svo sannarlega er þess óskað, að þú lesandi góður hafir átt gott ár og það sem vel gekk beri herra en það sem miður fór. Öllum lesendum er óskað gleðilegra jóla og gleðilegs nýs árs. Á Vestfjörðum er gott að búa og íbúar almennt góðir talsmenn héraðsins. Það er eins og hvert annað slys að óeiningu skuli bera herra, en það sem vel gengur. Sú ósk er sett fram, að betri tíð sé framundan og íbúar Vestfjarða og pólitíkusar stilli saman strengi sína til framfara fyrir fjórðunginn.


Komandi ár er kosningarár. Nú liggur mikið við að vel takist til um val þeirra sem taka við stjórntaumunum í sveitarstjórnunum. Tímabili þeirra vaxtarverkja sem gerðir voru að umtalsefni hér að framan verður að linna. Megi nýtt ár færa íbúum Vestfjarða gæfu og gengi á nýju ári, sem og Íslendingum öllum.

Stakkur.



Vestfirzkir slysadagar 1880-1940

er ómissandi uppflettirit
fyrir vestfirsk heimili
og fyrirtæki



Fæst í bókaverslunum

Starfshópur framsóknarmanna á Vestfjörðum

5% opinberra starfa verði unnin sem fjar- störf árið 2007

Í framhaldi af fundi formanns og þingflokks Framsóknarflokksins á Ísafirði og Patreksfirði s.l. sumar, hefur starfshópur framsóknarmanna á Vestfjörðum sett fram hugmyndir sínar og sjónarmið í byggðamálum.

Í minnisblaði starfhópsins segir að fjölmargar byggðir standi nú frammi fyrir alvarlegri stöðu í kjölfar umtalsverðrar fækkunar íbúa. Ljóst þygi að ríkisvaldið eitt og sér geti ekki komið í veg fyrir frekari byggðaröskun. Valdsvið Alþingis og stjórnmalarmanna til að grípa inn í atburðarrásir með beinum aðgerðum virðist stórlega skert frá því sem áður var.

„Meðal íbúa í þéttbýli ber nú meira á óþoli en áður gagnvart sértækum aðgerðum sem ætlaðar eru til að rétta hlut landsbyggðar og því erfðara en áður að ná samstöðu

um slíkar aðgerðir. Sú staðreynd verður heldur ekki umflúin að fólksflótti úr dreifbýli til þéttbýlis á sér stað þrátt fyrir bætta samgöngur og og samfélagslega þjónustu í dreifbýli. Orsaka vandans og lausna verður því að leita víðar en hjá ríkisvaldinu.“

Einhliða glansmynd fjölmíðla af þéttbýlinu

Starfshópurinn bendir á að „Fjórða valdið“ í samfélaginu, fjölmíðlar, dragi oft upp mjög einhliða glansmynd af lífi þéttbýlisbúa, meðan líf og störf landsbyggðarfólks eru túlkuð á minna spennandi hátt. Ljóst sé að stjórnvöld eigi enga möguleika á að bregðast gegn slíkri „sköpun ímyndar.“ Lausnin á þeim þætti vandans liggja fyrst og fremst hjá íbúum landsbyggðarinnar sem verði að sameinast um að skapa jákvæða ímynd af sínu nánasta umhverfi.

Starfshópurinn telur að nalgast beri lausn vandans eftir þremur megin leiðum. Með sköpun jákvæðrar ímyndar af lífi og störfum á landsbyggðinni, á vettvangi sveitarstjóra og á vettvangi Alþingis og þjóðmála. Lagt er til að komið verði á vinnuhópi með fulltrúum þingflokks og fulltrúa úr öllum landsbyggðarkjördæmum, sem setja myndi upp vinnuáætlun þar sem lýst yrði hvernig standia skuli að sköpun jákvæðs viðhorfs meðal landsbyggðarfólks til búsetu í heimabyggð. Jafnframt er lagt til að sett verði af stað víðtæk skoðun meðal sveitarstjóra á hvem hátt þær geti lagt sitt af mörkum til að skapa íbúum landsbyggðarinnar umhverfi sem orðið gæti mótvægi við höfuðborgarsvæðið.

Starfshópur vestfirskra framsóknarmanna telur að í stað prósentuskiptingar sem nú ræður skiptingu vegafjár á kjördæmi, verði leitað samstöðu um ný viðhorf við skiptingu vegafjár, með sérstöku tilliti til þess að vegasamgöngur verði tryggðar allt árið milli þéttbýlissvæða landsins.

Sett er fram hugmynd um byggðarstyrki til afskekktara byggðarlaga þar sem sveitarstjórn væri í sjálfsvald sett hvernig styrknum yrði varið, t.d. til veiðiheimilda, greiða kostnað við snjómokstur, eða til að laða að kennara til starfa.



Á Suðureyri, sem og víðast á Vestfjörðum, hefur húseigendum gengið illa að selja hús sín. Athyglisverðar eru hugmyndir starfshópsins um svokallaðan Viðskiptavakasjóð. Slíkir sjóðir yrðu staðsettir í öllum kjördæmum og myndu kaupa fasteignir þegar verð þeirra færi niður í ákveðið lágmark, en seldu aftur á herra verði þegar markaðurinn jafnaði sig að nýju.

Einn milljarður króna í fyrirtæki á landsbyggðinni

Vakin er athygli á að samþykkt hefur verið að setja einn milljarð króna í hlutafjár sjóð sem eingöngu er ætlað að leggja fram hlutafé í fyrirtæki á landsbyggðinni með sérstakri áherslu á uppbyggingu rekstrar sem byggir á hátækni. Sjóðurinn tekur til starfa um næstu áramót en samhliða honum tekur til starfa Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sem mun hafa fjóra milljarða króna í eigið fé. Starfshópurinn hvetur landsbyggðarfólk til að bera sig eftir fjármunum úr sjóðnum sem fyrst eftir stofnun hans.

Fleiri hugmyndir er settar fram á minnisblaði starfshópsins, en hann vekur sérstaka athygli á þeim tækifærum sem landsbyggðinni hafa opnast með tilkomu nýrrar tölvu- og fjarskiptatækni. Sett er fram hugmynd um þróun fjarstarfa, að ákveðið verði að ákveðin prósent af heildarfjölda opinberra starfa verði á hverjum tíma veitt fólki sem býr á landsbyggðinni, sem sinni starfi sínu þar með aðstoð tölvu og nútíma fjar-skiptatækni.

„Markmiðin gætu verið: Tvö opinber störf verði færð með þessum hætti yfir í hvert landsbyggðarkjördæmann og næsta eitt og hálf ár notað til að meta hvernig til tekst. Á grundvelli þeirrar reynslu verði stefnan á næsta kjörtímabili sett á það að 2% allra opinberra starfa verði færð út á landsbyggðina og að árið

2007 verði ekki færri en 5% opinberra starfa unnin sem „fjarstörf.“

Sú óvissa sem ríkir víða í tengslum við hugsanlega sölu aflaheimilda úr byggðarlaginu hefur orðið til að ýta undir brottflutning fólks af viðkomandi svæðum. Starfshópurinn telur að draga verði úr þeirri óvissu sem heimild til framsals aflaheimilda hefur í för með sér fyrir þá sem eiga allt undir því að sjávarfangi verði áfram landað til vinnslu í heimabyggð.

Viðskiptavaki auð- veldar sölu eigna

Starfshópurinn vill að kannað verði hvort núverandi lög og reglugerðir séu ívilnandi fyrir sjófrystingu samanborið við landfrystingu.

Athyglisverðar eru hugmyndir starfshópsins um svokallaðan Viðskiptavakasjóð. Slíkir sjóðir yrðu staðsettir í öllum kjördæmum og myndu kaupa fasteignir þegar verð þeirra færi niður í ákveðið lágmark, en seldu aftur á herra verði þegar markaðurinn jafnaði sig að nýju. Verðbréfafyrirtæki eru fyrirmynd Viðskiptavakasjóðsins sem gera myndi húseiganda kleift að selja þegar markaðurinn væri í lægð að því metnu hvort hann tæki lágmarkstilboði Viðskiptavakans eða biði eftir aukinni eftirspurn. Að mati starfshópsins er grundvallaratriði að fasteignareigandi á landsbyggðinni hefði val sem í mörgum tilvikum er ekki til staðar í dag.



Óskum viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og minnum á mikið
úrval jólagjafa fyrir
alla aldurshópa

Takið þátt í
JÓLALEIKNUM
glæsileg verðlaun!

Þökkum viðskiptin
á árinu sem er
að líða
Hlökkum til að
sjá ykkur
á nýju ári



Sneyrtihús Sóleyjar

Hafnarstræti 9 • Ísafirði • Sími 456 5280

Kíkið á heimasíðuna:
<http://xoom.com/sneyrtsol>



JÓLADISKARNIR ERU KOMNIR!

JÓLAGJAFIR Í MIKLU ÚRVALI

HLJÓMTÆKI
GEISLADISKAR
SJÓNVÖRP
MYNDBANDSTÆKI

MYNDBÖND
ALLT FYRIR
GERVIHNATTASJÓNVARP



OPNUNARTÍMAR Í DESEMBER

OPIÐ FRÁ KL. 10:00 TIL 22:00 VIRKA DAGA
LAUGARDAGINN 20. DESEMBER KL. 11:00 TIL 22:00
ÞRIÐJUDAGINN 23. DESEMBER KL. 11:00 TIL 23:00
MIÐVIKUDAGINN 24. DESEMBER KL. 11:00 TIL 14:00

FRUM - MYND

SÓLGÖTU 11 ÍSAFIRÐI SÍMI 456 5091



Hó, hó, hó!

Höfum mikið úrval af peysum,
bolum, og skyrtum á herra

Vorum að
taka upp
pelsa
Kíktu við
og sjáðu
allt úrvalið



BASIL

Hafnarstræti 14 Sími 456 5210

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Ísafirði, hefur um árabil ritað jólsögur fyrir Bæjarins besta. Sú fyrsta birtist í jólablaði BB árið 1986, og síðan þá hafa sögur hans birst árlega að undanskildum árunum 1992 og 1993. Jólasögur Ólafs Helga, sem birst hafa í BB eru *Aðfangadagur*, 1986, *Frelsi, jafnrétti, bræðralag*, 1987, *Dögun*, 1988, *Áreksturinn*, 1989, *Þorláksmessa í búi á skötu*, 1990, *Leiftur andans*, 1991, *Jólakvöl Kormáks*, 1994, *Húmskuggar*, 1995 og *Fjaran* sem birtist á síðasta ári. Auk þessa hefur blaðið birt eftir Ólaf Helga, söguna *Ekki af brauði einu saman*, sem hann samdi fyrir bókmenntakynningu sem var á vegum Menntaskólans á Ísafirði árið 1989. Hér í opnunni fer nýjasta afurð Ólafs Helga, jólasagan *Aðventukvöldið*.

Aðventukvöldið



Ólafur Helgi Kjartansson.

Það stytta loks upp. Rigningar undanfarna daga kvöldu Karl ótrúlega. Ekki þar fyrir að honum þætti hún vond, heldur leiðinleg. Auk þess var komið fram í desember, farið að nálgast jól. Hátíð ljóssins á að fylgja snjór, ekki rigning. Jóla-skreytingamar voru hálf munaðarlausar í rigningu. Og þó nú ríkti uppstyttu voru þær enn eins og utan gátta, líkt og barn sem týnt hefur foreldri sínu í jóla-ösinni. Auðvitað á að vera snjór. Karl vissi reyndar vel að þetta var ekki rétt. Ekki snjóaði þegar frelsarinn fæddist, guðsonurinn, Jesús Kristur. En það var í Ísrael, þar sem stríðsástand var réttlætt með trú á grunni helgisagna, á Biblíunni. Gamla testamentið var látið duga. Hér í Spjótstírið var stríð, en á allt annarri forsendu. Það þurfti ekki gamla testamentið til. Mönnum dugði velferð barnanna, raunveruleg eða ímynduð, til þess að skiptast í fylkingar og nú var bæjarstjómin klofin í tvennt eða hreinlega í frumeindir, sem flutu um án tengsla við nokkurn. Atómið var hægt að kljúfa. Kannski var þetta ekki slæmt, þótt jól væru á næsta leiti.

Stríð, styrjöld, deilur svik við sjálfan sig, kannski aðra voru undirtönn deilnanna. Karl hafði svo sem nóg á sinni könnu. Sambandið við Dís var ekki gott. Nei það var vont og þá var gott að hafa einhverja ástæðu til að greina hið illa í öðru en sjálfum sér og sínu. Samt tók hann það nærri sér að vinir og kunningar skiptust í andstæðar fylkingar út af einhverjum steinkumböldum. Musteri Salómons konungs gyðinga var löngu hrunið, átti víst að hafa verið glæsilegt á sinni tíð. En Ísraelar og Arabar deildu enn, sprengdu hver annan upp í loft. Þeir deildu þó ekki um steinsteypu heldur

ímyndaðar byggingar, löngu hrundar.

Hér í Spjótstírið ríkti styrjaldarástand vegna gamla sláturhússins, sem einhverjum hafði dottið í hug að gera að leikskóla. Karl nennti ekki að sökkva sér í ófriðinn. En hann var greinilega kærkominn mörgum, sem gátu glatt sig við að hafa á réttu að standa. Um leið og andstæðingamir höguðu sér með sama hætti, glöddust hvorir um sig yfir því að hinir hefðu rangt fyrir sér.

Karl var kominn af fiskimönnum, átti mörg systkin og þekkti vandamál sem fylgdu ónógri barnagæzlu. Honum var sama um það til hvers einhverjir veggir með þaki yrðu notaðir, ef þeir kæmu að gagni. Alltaf vantaði barnaheimili. Leikskólar hét það víst núna, en sauðféð var að deyja út í fjórðungnum eins og mannfólkið. Það dó ekki beinlínis, heldur flutti. Fyrirheitna landið var ekki Ísrael, ó nei, enda sennilega eins gott. Hver vildi búa við stríð? Fyrirheitna landið var eins konar ný Jerúsalem, Reykjavík hét það. Þar var frelsið. Sagði ekki gamli evrópski máls-hátturinn, að í borgunum byggji frelsið? Hann vissi svo sem að sannleikurinn var í því fölginn að stríðið ríkti ekki í Reykjavík, eins og á Spjótstírið. Fólk féll fyrir bílum í Reykjavík. En styrjöldin um leikskólann í sláturhúsinu hafði tekið sinn toll. Vinir Karls og Dísar áttu að fara að sláturhúsinu til að flýta, þreytt á deilum um sjálfsagða hluti. Svo sögðu þau. En hvað gerir ekki fólk með lítil börn, sem vantar leikskóla-pláss. Dís sagði að vísu að Jón og Gunna væru eigin-gjörn, vildu bara pláss fyrir börnin sín tvö á leikskóla. Sjálfsagt var það rétt. En þarf ekki fólk að lifa, vinna og fá gæzlu fyrir börnin sín? Auðvitað! Var nokkuð rangt

við það? Hún kallaði þau svikara að fara. Karli fannst það rangt. Gunna ætlaði í skóla, langaði að minnsta kosti, og Jón átti von á betri vinnu, gat komizt úr fiskinum og börnin vantaði gæzlu. Allt gat þetta bjargazt í Reykjavík.

Karl langaði ekki til Reykjavíkur, hafði verið þar í skóla og leiddist götuþríðið, eins og hann kallaði það. Götuþríðið var umferðin í höfuðborginni. Þar var enginn óhultur, hvorki gangandi né né í bíl. Í því stríði féllu margir á hverju ári. Mannskepnan er skríytin. Stundum mætti halda að allir væru sátirir við mannfallið. Engin flúði þetta styrjaldarástand. Heldur sótti fólk í það en hitt. Um það voru Karl og Dís sammála. Fátt annað voru þau sammála um þessa dagana.

Dís var úr sveit, yndisleg stúlka eða svo fannst Karli. Hún var lagleg, rauðhærð með græn augu, vel vaxin og skemmtileg. Hún var fyndin, gerði grín að öllu og öllum, oftast sjálfri sér og honum. Hún var að vísu sex árum yngri en Karl. Samt hafði honum fundizt þau eins og sköpuð fyrir hvort annað. Auðvitað voru þau ekki sammála um allt. En nú ríkti stríð milli þeirra. Allt vegna húss, sem honum fannst bara vera hús, er þjónað hafði tilgangi sínum. Þess gæti beðið annað og glæsilegra hlutverk en fyrr, að vera vettvangur næstu kynslóðar í upphafi skólagöngu sinnar. Dís sagði það svik við komandi kynslóðir að gera sláturhús að leikskóla. „Aldrei fara mín börn í sláturhús til að læra eitt eða neitt eða bara vera þar.“ Hann benti á þá staðreynd, að ekki væri lengur slátrað í húsinu, sem féll í ófrjóan svörð. Þau áttu ekki börn og nú trúði hann því að þau myndu aldrei eignast börn saman. Svo harkaleg höfðu

viðbrögð hennar verið. Enn fór um hann við tilhugsunina um reiði hennar. Grænu augun skutu gneistum og það var eins og hún logaði. Hárið varð rauðara. Það gat ekki verið, en honum sýndist það.

Hverju skipti þótt sauðfé hefði verið slátrað í húsinu. Fæddist ekki Jesús Kristur í fjárhúsi. „Nei aldrei sláturhús.“ Það væri móðgun við foreldra hennar, sem enn bjuggu í sveitinni. Hennar skoðun var sú, að aldrei hefði átt að leggja starfsemi sláturhússins af. En engin rök dugðu. Þótt búið væri að úrelða húsið, skiptu slíkar röksemdir engu. „Aldrei að leikskóla. Það verður alltaf fýla í því“, sagði Dís. Karli fannst hún bergmála skoðanir foreldra sinna og nefndi það. En það reyndust mikil mistök. Dís rak hann á dyr.

Hvað gekk eiginlega að fólkinu? Karl var reyndar fæddur í Reykjavík, en átti ættir að rekja til Spjótstírið, þótti gott að vera hér. Hann hafði komið til þess að leysa af á skrifstofu Útgerðarfélagssins, skildi ekki landbúnað, ætlaði að stoppa í hálft ár, sem svo teygðist úr, sérstaklega eftir kynnin af Dís. Þau höfðu ætlað að trúlofa sig um jólin. Nú var hann í miklum vafa. „Hvernig getur nokkur maður misst stjórn á sér út af húsi, jafnvel sláturhúsi, sem þjónaði ekki lengur tilgangi sínum?“ Karli var ómögulegt að skilja úlfúðina í bænnum vegna málsins. Hann gat ekki skilið afstöðu Dísar, sem venjulega var jarðbundin og skynsöm, skaraði fram úr öðrum íbúum bæjarins. Þannig hafði Karl hugsað um sína heitelskuðu þar til fyrir skömmu.

Stundum var dásamlegt að ímynda sér framtíðina, þar sem allt gengi vel, framtíðina með Dís, góða, hlýja og ánægjan yfirstigi erfiðleik-

ana. Nú var fyrsta vígið fallið í styrjöldinni, draumurinn hans um framtíð með Dís. Karl kreppti hnefana, svo verkjaði í. Í huganum blasti þessi dásamlega Dís við hlæjandi, tindrandi græn augu, brosandir andlit í miðju lokkaflóðinu. Sjaldan skipti hún skapi, var þó einstaka sinnum alvörugfin, alltaf falleg, heillandi, en nú líktist hún umskipting í þjóðsög-unum, minnti helzt á kvennalistakonu í baráttu við karlkynið. Æskuvinkona hennar sat í bæjarstjórninni. Maður hennar hafði unnið í sláturhúsinu meðan það var starfrækt. Nú var sá í fiskvinnu.

Í kvöld yrði aðventukvöld í kirkjunni. Þau Dís höfðu ætlað þangað saman. Meðan þeirra eigin styrjöld geisaði að tilefnislausu, fannst Karli, ætlaði hann ekki að eltast við duttlunga hennar. Við hverju var svo sem að búast af sveitastelpu, sem aldrei hafði farið að heiman til neins nema að kaupa inn í Kringlunni eða Glasgow. Eins og nokkru skipti hvort einhverjir fataleppar væru keyptir hér eða þar. Þótt hún hefði stúdentspróf vildi hún alls ekki fara suður að læra meira, sem hefði verið eðlilegt. Karli var sama, var búinn með viðskiptafræðina og var í góðu starfi, en samt. Auk þess var Dís skemmtileg greind og klár. Ástandið var svo þar til sláturhús-málið kom upp, eins og sprengju væri varpað á landnemabyggð í Ísrael. Undarlegt, þá sýndi hún sitt rétta eðli, þröngsýn, for-dómafull og dómhörð, sá engin rök. Hún gæti alveg eins verið Palestínarabi, fylgismaður Arafats, hryðjuverkamaður. Honum leið illa við tilhugsunina. Gallinn var bara sá, að Karl sá enga ástæðu til þess að taka þetta mál svo hátíðlega. Bæjarstjómin var búin að afgreiða málið, bersýnilega á

þann veg sem Dís, foreldrar hennar og flestir aðrir vildu. Gott og vel en stríðið hélt áfram og Karl var fómar-lambið. Fórnarlamb hvers? Jú afstöðu Dísar og að-stæðna allra. Eiginlega var ekkert fengið með að hitta Dís. Löngunin var horfin. Hann vissi ekki hvort hann vildi hitta hana. Þau höfðu ekki ákveðið neitt. Hún gekk á dyr vegna fáránlegs sláturhúss, sem ekki var útséð um að yrði nokkurn tíma annað en fyrirverandi sláturhús, öllum til ama og leiðinda. Samt vantaði leikskóla fyrir börnin. Í gamla leikskólanum voru rottur á ferli, að sögn kennaranna. Það var svo sem auðvitað, að Dís bergmálaði þá skoðun, að í ónothæfu sláturhúsi yrði alltaf rottugangur. Fáránlegt. Karl hafði upplifað erlendis, að hús skiptu um hlutverk án teljandi vandræða. Hvað þá að fólk snerist á hvolf yfir því sem skynsamlegt virtist. Að vísu var pabbi Dísar formaður í Búnaðarfélaginu í Spjótsfirði og frömuður í málefnum bænda. Karl átti svo sem að vita að erfið-leikar í landbúnaði samfara kvóta og stjórnun, sem rýrði kjör þeirra bænda, er höfðu dug til að bjarga sér, setti mark sitt á skoðanir þeirra. En Dís var nútímakona eða hvað? Hún vissi fullvel að heimurinn var breytingum undirorpinn, allt var að breytast. Fólk nútímans gerði sér grein fyrir sam-starfi Evrópuríkja. Evrópu-sambandið var veruleikinn í dag, ekki búskaparhokur á útnárum. Menn eru meira virði en það að slátra sauðfé.

Karl var algerlega ráðþrota. Átti hann að leita Dís uppi og biðja um gott veður, biðja afsökunar á skoðunum sínum? Stolt Karls neitaði honum um þá leið. Í raun gat hann ekki viðurkennt að hafa rangt fyrir sér. Í sjálfu sér hafði hann ekki rétt fyrir sér, en lýðræðislega kjörnir fulltrúar hlutu að vita hvað var rétt. Karl var barn borgarinnar, nútímans, trúði á sérfræð-inga. En þeim bar ekki saman. Trúin á guð var í öðru sæti. Barnæska hans hafði einkennzt af einlægri guðstrú. Þá bað Karl bænirnar sínar. Svo gleymd-ist það. Nútíminn gerði ekki kröfur um bænir heldur skynsemi. Enda þótt hann efaðist ekki um tilvist guðs, þá hafði þeirri hugsun oft skotið upp kollinum að eitthvað hefði skjölpazt um miskunnseminna. Sama hvert litíð var, alls staðar stríð eða eymd nema hvoru tveggja væri. Rúanda, þar sem flóttafólk var stráfellt fyrir það eitt að vilja lifa, Írak, en þar dóu börn vegna harð-stjóra, sem treysti á meyrnt hjarta Vesturlandabúa, er fóru í vinnu klukkan níu að morgni og komu heim klukkan fimm síðdegis til að horfa á sjónvarpið, að



ógleymdri Tsjetíníu. Endalaust. Alls staðar urðu saklausir fyrir barðinu á grimmdinni.

EKKI VARÐ ÞESSU ÞÓ JAFNAÐ VIÐ DEILUR BÆJARFULLTRÚANNA Í SPJÓTSFIRÐI, en þær teygðu svo sannarlega anga sína að hverju eldhúsborði í bænum. Kannski var þetta eðlilegt. Karli fannst að skynsemin ætti að ráða. Dís vissi hvað hún vildi, en var alin upp í Spjótsfirði og hafði aðrar kenningar en Karl. Verst að hún skyldi vera svona ógnar reið. Sjálfsagt dygði engin guð til að bjarga ástandinu. Hverjum var svo sem ekki sama hvar löngu dauðar kindur, nautgripir, og svín höfðu stigið sín hinztu spor í þessu jarðlífi, áður en þau enduðu í kæliborðum kjörbúðanna. Skyldi guð annars vita af Dís og Karli?

Dís gekk hægum skrefum í átt til Spjótseyrarkirkju. Það var nærri snjólaust. Nýja kirkjan, sem allir höfðu rifizt um áður en hún var byggð, var falleg í logninu. Það var kalt, gott yrði að komast inn í hlýjuna. Þau höfðu ætlað saman, hún og Karl. Ekkert skildi þessi Karl, enda úr Reykjavík. Enginn skilningur, engin samúð með því folki, sem hafði borið uppi atvinnu í Spjótsfirði. Honum var sama þótt leikskólinn færi í sláturhúsið. Karl var ekki eðlilegur. Honum fannst þetta sjálfsagt, æsti sig ekki fyrr en bæjarstjórninn klofnaði. Þá var eins og blóðið rynni loks í honum.

Karl skynjaði ekki að sjálfsvirðingu hennar, föður hennar og allra annarra væri misboðið með þessari ráðstöfun. Auk þess fór í taugarnar á henni að Sláturkompaníið græddi á þessu. Karl fullyrti að Dís skoðaði málið út frá óeðli-legum forsendum. „Hús er bara hús,” sagði hann. „Ef hindúar trúa á endurhold-gun, að sálir fæðist aftur í æðri eða lægri stétt eða sem dýr, geta hús skipt um hlutverk.”

Dís var trúuð, var alin upp við daglega iðkun trúar, sem eðlilegan þátt lífsins. „Karl er trúleysingi.” Ummælin sönnuðu það. Hann gerði grín að henni fyrir að hafa aldrei farið annað til vinnu eða náms. Að loknu stúd-entsprófi fór hún að vinna hjá Kaupfélaginu, sem ekki var lengur til. Nú voru þeir sem högnuðust á því að sameina það í Sláturkompa-níið að græða enn meira. Hún var alveg sammála Jósafat frænda sínum, bæjarfulltrúa frá Sandaeyri. Aldrei leikskóla í sláturhús-ið. Karl hafði sagt að hún skyldi bara sanna til, Jósafat og félagar væru aðeins að leita útgönguleiðar í bæjarstjórninni, sem tryggði þeim meiri völd. Þá rak Dís Karl á dyr. „Út”! „Ég elska þig.” sagði hann þá og bað hana að róa sig. Dís sagðist ekki vilja sjá hann aftur og gekk sjálf á dyr. Síðan hafði ekkert heyrzt frá honum og ekki langaði hana að eltast við hann.

Dís gekk hægum skrefum inn kirkjugarðinn í átt að kirkjunni. Fólk streymdi að. Skyldi það allt trúa á guð? Innarlega í kirkjunni var eitt sæti laust. Hún kinkaði kalli til kirkjugesta og settist. Í þann mund sá hún útundan sér kunnuglegt andlit og reiddist. „Hvað er hann að vilja hér, trúleysinginn sjálfur”?

Karl hafði velt því fyrir sér lengi hvað hann ætti að gera. Drykklanga stund studdi hann höndum undir höfuð sér fram á skrifborðið. „Þvílíkur staður, allt vitlaust vegna eins steinkumbalda” Meira að segja Gunna, sem sat í bæjarstjórninni, ætlaði að fara, flytja burt, suður. Auðvitað var hægt að elta Jón og Gunnu til höfuðborg-arinnar, þar sem hægt var að vera í friði. En í friði fyrir hverjum, sjálfum sér, Dís, þessum æstu sveitamönnum í Spjótsfirði, eða lífinu almennt?

Svo fór hann að hugsa um síðustu nótt þeirrar Dísar

saman. Karl gat ekki skilið hvernig Dís, svona indæl, sem þá hafði borið nafn með réttu, gæti verið svo forpok-uð, að geta ekki rætt á skynsamlegum nótum um þetta mál. „Hvernig í ósköpunum getur fólk æst sig yfir dauðum hlutum?” Óskiljanlegt!

Aftur leitaði hugurinn til Dísar. Hún var eins og tvær konur. Önnur blíð, góð, gefandi, skemmtileg. Hin grimmm eins og sveitafólkið í Spjótsfirði. Auðvitað var Spjótsfjörður réttnefni. Menn bárust hér á banaspjót, að vísu ekki í eiginlegum skilningi. En illindin, harðneskjan við náungann, ef svo bar undir, voru svo yfirgengileg, að hann trúði því loks, sem fólk hafði sagt, að það fengi nóg af og flytti.

En Dís, hvað hafði eiginlega komið yfir hana? Ekki gat verið að hún elskaði hann. Hafði hún blekkst hann, sagt ósatt um ástina? Hvað átti hann að gera? Auðvitað að fara á aðventukvöldið í kirkjunni. Þangað hafði ferðinni verið heitið hvort eð var. „Það er skárra að vera einn í fjölmenni, en aleinn.” Karl ákvað að fara í kirkjuna. Kuldinn beit, en hann hugsaði bara um Dís og sláturhúsið. Skrítið að þetta undarlega mál skyldi koma upp rétt fyrir jól. Í raun fannst Karli mjög undarlegt að bærinn hefði skipzt í fylkingar vegna húss, þar sem svín höfðu átt sín síðustu spor í átt að jóla-borðinu. Hann hló að þessari hugsun sinni, eigin aula-fyndni. Tvær gamlar konur litu á hann og í annarri hnussaði: „Þetta er víst kærastinn hennar Dísar. Hann vill leikskólann í sláturhúsið. Hún hlýtur að losa sig við hann.” Karli brá. Honum fannst talið ófyndið, hætti að hlæja, leit undan og hugsaði um Dís. Kuldinn beit ólíkt hlýju Dísar á síð-asta ástarfundi þeirra. Hlýtt rúm, hlý, falleg kona, heit, alger andstaða sviðandi kuldans utan kirkjunnar. Í

kirkjunni var hlýtt, en samt var honum kalt. Hann fraus þegar Dís leit í augu hans. Ægilegt augnaráð, kalt og stingandi. Undan því sveið. Rauða hárið var umgerð um reiði hennar. Tvær mann-eskjur, ekki vafi, hugsaði hann og saknaði þeirrar Dísar, sem hann unni. Löngunin til að flýja varð yfirþyrmandi, en hvert átti að flýja og hvern? Skyn-samur maður flýr ekki óraunverulega hættu. Bar hann ótta af henni? Þarna var laust sæti aftarlega, langt í burtu frá þessu skelfilega augnaráði.

Söngurinn, tónlistin og rödd prestsins höfðu róandi áhrif á Dís. Í huganum bað hún guð um frið. Smám saman færðist ró yfir andlit hennar, augun urðu skær-græn og dreymandi. Prest-urinn talaði um kærleikann, nauðsyn góðra samskipta og góðvildar manna hvers í annars garð.

Hugurinn reikaði skipu-lagslaust og endaði á síðasta ástarfundi þeirra Karls, hlýr og mjúkur eins og lítill drengur. Þau gáfu sig hvort öðru á vald nutust af líkama og sál. Hún hrökk upp. Söfnuðurinn stóð á fætur, meðtók hina postullegu blessun. Um leið og settz var leit hún við og sá Karl setjast annars hugar og dauflegan, tóman á svip. Hann sýndi engin svip-brigði, engin merki þess að hafa séð hana. Hún fann örlítinn, snöggan, sting fyrir hjartanu. Hún sem hafði verið að hugsa um síðustu sælustund þeirra saman. Einhvern veginn fannst henni það ekki óviðeigandi, þótt í kirkju væri. Átti það að vera óviðeigandi. Presturinn hafði boðað kærleika.

Um leið og allir báðu faðirvorið leit hún aftur og sá Karl biðja með lokaðan munn og drúpa höfði. Það var eins og hann væri einn í kirkjunni eitt augnablik. Auðvitað var hann ekki trúleysingi. Þá kæmi hann

ekki til kirkju, nema hann elskaði hana enn. Kannski hvort tveggja?

Karl bað þess að missa ekki Dís. Sjálfum sér lofaði hann að ræða þetta mál ekki að fyrra bragði. Honum stóð ekki beint á sama. En Dís skipti meira máli en öll heimsins sláturhús og jafnvel leikskóli. Öll landsins dauðu svín gátu ekki breytt því. Af hverju hugsaði hann svo fáránlega. Presturinn var greinilega að bera klæði á vopnin, fá bæjarbúa til að slíðra sverðin fyrir jólin, boða frið. Fortíðin lifir í sjálfri sér. Framtíðin er barnanna. Þau þurfa leikskóla. Æ, látum þá kjömu bjarga því. Þótt þeir geri það ekki rétt má það ekki eyðileggja okkur. Var það kannski of seint? Alltaf mátti reyna. Karl beidd í sæti sínu þar til Dís nálgaðist. Þá steig hann fram, nálgaðist hana og rétti fram höndina. Eitt augnablik lá honum við yfirliði, langaði til að kippa að sér höndinni, en stóðst freistinguna.

Dís leit á Karl, sem stóð beinn í baki, fastur fyrir eins og venjulega, samt mátti greina annað yfirbragð, mýkra, ekki biðjandi, fremur bjóðandi. Framrétt höndin undirstrikaði ímyndina.

Hún greip framréttta höndina föstu taki, dró hana að sér, dró Karl að sér og kyssti hann. Honum var greinilega brugðið. Áður en varir þeirra mættust hugsaði hann „Þetta er óviðeigandi í kirkju.” Svo fann hann hlýjan líkama hennar við sinn og heyrði gömlu konuna kvarta undan siðleysi unga fólksins. „Fær kirkjan ekki einu sinni frið fyrir þessu folki.” Í stað þess að segja gömlu konunni frá kærleiksboðskap Krists, faðmaði hann Dís að sér og bað hana fyrigefningar án þess að hafa ætlað sér það. Engu skipti hvað öðrum fannst. Það gerði ekkert til.

Jólin voru framundan með loforði um endurfundi, sælu og frið. Loforðin þeirra, sem skiptu máli, myndu standa.

Það hafði hlýnað í veðri þegar þau komu út. Á morgun myndi rigna í Spjótsfirði. Honum stóð á sama. Það rignir þá á sláturhúsið hugsaði hann, en sleppti því að segja það, enda skipti það engu lengur. Hann leit á Dís, sem brosti undarlega til hans. „Hvað”? sagði hann. „Á morgun rignir á alla, líka slátur-húsið.” Svo hló hún og sagði: „Ég saknaði þín.” „Ég líka.”

Engin hús, engar deilur annarra myndu eyðileggja fyrir þeim jólin. Styrjöldinni var lokið. Það ríkti friður milli þeirra, kærleiksfriður jólanna. Þeim leið vel. Þau voru full tilhlökkunar vegna komandi daga.

Ólafur Helgi Kjartansson
9. desember 1997

Örnólfur
Guðmundsson
hannar og smíðar
leikföng í Bolungarvík

Draumurinn að framleiðslan verði atvinnu- skapandi



Þrátt fyrir að leikföngin hafi ekkert verið auglýst eða markaðssett á annan hátt, hefur Örnólfur ekki getað annað eftirspurn.

Í Bolungarvík á og rekur Örnólfur Guðmundsson fyrirtækið Hólsvélar ehf. en það hefur boðið upp á jarðvegsþjónustu af ýmsu tagi, auk þjónustu við götusópun, túnslátt ofl. Örnólfur rekur einnig verslun í gamla kaupfélagshúsinu við Hafnargötuna í Bolungarvík og selur þar margvíslegan vaming, vinnu- og hlífðarföt, húfur og vettlinga, sleða, reiðhjól, leikföng og fleira. Þar með er ekki allt upp talið, því Örnólfur hefur

um skeið unnið að hönnun og smíði leikfanga af ýmsu tagi sem notið hafa sívaxandi vinsældar meðal yngstu kynslóðarinnar. Hann hefur nú ákveðið að selja tækjabúnað Hólsvéla og einbeita sér al-farið að leikfangasmíðinni og verslunarekstrinum auk þjónustu fyrir Flutningamiðstöð Vestfjarða.

Sögur af leikfangasmíði Örnólfs vöktu athygli og áhuga blaðamanns, en í undir-meðvitundinni lifir minningin

um bernskuárin í Bolungarvík, sem m.a. einkenndust af bílaleikjum með heimasmiðum vörubílum og glæsikerrum af Chevrolet-gerð, í „lautinni hjá Óskari og Kæju.“ Hvað sem því líður, var ákveðið að heimsækja Örnólf og forvitnast aðeins um leikfangasmíðina.

Tankbílar sem bera liti og merki Skeljungs

Örnólfur hefur að undan-

förnu unnið að þróun leikfanga sem samanstanda af tankbíl, vörubíl, flutningabíl og veghefli, en í fyrra hóf hann að smíða litlar gröfur, sem börn geta setið á og stjórnað. Vöruþróunin hefur gengið vel og segist Örnólfur senn verða tilbúinn með góða línu af leikföngum sem hægt sé að hefja framleiðslu á af fullum krafti. Til að gæðaprófa leikföngin hefur Örnólfur komið þeim í hendur kröfuharðra notenda, sem farið hafa um

þau óvægnum höndum. Reyndar er það svo að þrátt fyrir að leikföngin hafi ekkert verið auglýst eða markaðssett á annan hátt, hefur Örnólfur ekki getað annað eftirspurn - sagðist t. d. ekki getað útvegað blaðamanni eitt slíkt fyrir jól, þótt hann glaður vildi.

„Það eru fyrst og fremst afarnir sem sjá leikföngin þegar þeir rekast inn í verslunina, sem hafa keypt þau fyrir barnabörnin, en á sínum bernskuárum léku þeir sér

einmitt með leikföng svipuðum þessum.“

Tankbílarir sem Örnólfur smíðar, bera liti og merki Skeljungs og flutningabílarir merki og liti Landflutninga Samskipa, en hann hefur samið við fyrirtækin um að þau leggi nöfn sín við framleiðsluna. Forsvarsmenn Skeljungs íhuga nú að bjóða tankbíla til sölu á bensínstöðvum fyrirtækisins, en það myndi, ef af verður, verða leikfanga-smiðjunni mikil lyftistöng, og

Jólin koma... Jólagjafir í miklu úrvali

**ORIENT dömu og herraúr
Nikkel frí og með Saphir
Crystal gleri. Verð frá
aðeins kr. 9.975.-**



Gott úr er góð gjöf

Ný sending af
glæsilegum
kertastjökum frá
IITTALA
CRYSTAL

Einnig mikið
úrval af blóð-
steinssettum,
bæði í gulli
og silfri.
Hringar,
lokkar og men.
Verð frá kr.
5.990.-

**Lítið við!
Sjón er sögu ríkari!
Axel Eiríksson, úrsmiður
Aðalstræti 22 - sími 456 3023**

Senn líður að jólum og jólagjafirnar geta verið vandamál hjá mörgum

**Hjá okkur fæst
margt stórt og
lítið og margt
skrýtið sem getur
komið að góðum
notum**

**Tilvaldar jóla-
gjafir fyrir
mömmu og
pabba, afa og
ömmu og jafnvel
fyrir börnin**



**RAMMAGERÐ
ÍSAFJARÐAR**

**-meira en þig grunar-
Aðalstræti 16 - sími 456 3041**



Það er hægt að skipta um dekk á hjólunum, og það er auðvelt að skipta um aftanívagn, þannig að vörubíl verður tankbíl á augabragði. Bílarnir eru liðstýrðir, sem þýðir að bílhúsið beygir allt, en ekki bara framhjólin.

e.t.v. skapa svigrúm til fjölgunar starfsmanna. Örnólfur hefur unnið einn við alla þróun og smíði leikfanganna til þessa, en draumur hans er að framleiðslan verði atvinnuskapandi í Bolungarvík og að hann geti þá t.d. boðið mönnum sem farnir eru að reskjust, vinnu við samsetningu leikfanganna, til að mynda hluta úr degi.

Leikföngin hafa til þessa eingöngu verið til sölu í verslun Örnólfs og verður svo áfram fyrst um sinn a.m.k. „Þetta er í rauninni þróunarstarf enn og ég vil ekki ausa einhverju út fyrir en ég er orðinn fyllilega ánægður sjálfur.

Ég hef verið að prufa mig áfram og er nú kominn niður á ákveðna stefnu sem mun marka framleiðsluna. Ég hef leitast við að hafa bílana þannig úr garði gerða að þeir endist lengi og að það sé auðvelt að skipta um stykki sem eyðileggjast. Það er t.d. hægt að skipta um dekk á hjólunum, og það er auðvelt að skipta um aftanívagn, þannig að t.d. má breyta vörubíl í tankbíl á augabragði. Bílarnir eru liðstýrðir, sem þýðir að bílhúsið beygir allt, en ekki bara framhjólin. Ég notaði risavörubílana sem t.d. eru notaðir við virkjanagerð, sem fyrirmynd, en þeir eru kallaðir

búkollur.“

Örnólfur segist ætla að flýta sér hægt í leikfangasmíðinni. „Ég ætla ekki að fara út í neitt ævintýri. Ég ætla að reyna að koma á vöruna gæðastimpli þannig að hún verði eftirsótt og til þess að svo megi verða verð ég að prófa hana vel.“

Sorpverksmiðja og vél sem gleypir snjó

- En skyldi Örnólfur mæta skilningi heimamanna við framtakinu?

„Byggðastofnun veitti mér 200 þúsund króna styrk í haust og það var auðvitað ákveðinn hvati að áframhaldandi starfi.

Annars hefur mér fundist að hér fyrir vestan, í Bolungarvík t.d., sé æði lítill stuðningur við svona lagað. Mönnum finnst þetta ekki spennandi fyrir en vel fer að ganga og eru lítið hvetjandi á meðan verið er að þróa hugmyndir. Forsvarsmenn bæjarins hafa t.d. vitað af þessari vinnu minni og þess vegna hefði ég talið eðlilegt að bæjarfélagið sýndi stuðning sinn og áhuga á framtakinu með því að kaupa leiktæki fyrir leikskólann. Það hefði verið mjög góð auglýsing, en því miður virðast menn ekki sjá þýðingu svona verkfæra. Ég gaf hins vegar leikskólanum eina gröfu og vona að börnin njóti vel.“

En hugðarefni Örnólfs eru fleiri. Hann hefur farið á fund Iðntæknistofnunnar með hugmynd að verksmiðju sem á, hvorki meira eða minna, að taka allt heimilissorp, flokka það og steypa síðan úr nýtanlegum hluta þess, massa sem nota má á margvíslegan hátt, t.d. til smíða.

„Ég vildi fá Iðntæknistofnun til að framkvæma fyrir mig ýmsar mælingar á ferlinu sem ég hafði náð fram. Þeim leist mjög vel á það sem ég var að gera, en sögðu að ég þyrfti að borga þeim fyrir hverja rannsókn svo og svo miklar fjárhæðir. Ég kvaddi þá við svo búíð, en þeir hirtu hugmyndina og útfærðu hana á Akureyri. Ég var hins vegar heppinn, því ég sagði þeim ekki alveg alla söguna þannig að þeir fengu ekki efnið sem ég

hafði náð fram. Ég er ekki sá fyrsti sem fer illa út úr viðskiptum við Iðntæknistofnun.

Örnólfur hefur einnig viðræður hugmyndir sínar við Iðntæknistofnun um vél sem gleypir snjó og þjappar honum í klakastykki. Allir þekkja vandamál sem skapast þegar snjóþungt er og háir snjóruðningar myndast eftir moksturstæki. Snjóruðningarnir taka mikið pláss og eru til óþæginda fyrir ökumenn og gangandi vegfarendur. Vélin hans Örnólfs myndi leysa vandamálið, en hún myndi skilja eftir sig snjóbagga, svipaða heyböggum bænda, en þeir yrðu síðan tíndir upp með vél sem kæmi í kjölfar snjóbagga-vélarinnar. Örnólfur fékk þau svör frá Iðntæknistofnun að vélin yrði of dýr í framleiðslu fyrir þann litla markað sem er hér á landi.

„Þar með var sagan búin. Ég hef sem sagt farið til þeirra svona annað slag, en því miður hefur niðurstaðan engin orðið. Það var einhver atvinnuráðgjafi á Ísafirði, sem var nú kona síðast þegar ég vissi, sem kom á sínum tíma á fund okkar Ólafs Kristjánssonar, bæjarstjóra, út af sorp-vélinni. Við fórum í gegnum allt málið með henni, en hún tók með sér sýnishorn og ætlaði m.a. að láta rannsaka á hvað hátt væri hægt að nýta efnið sem úr vélinni kom. Ég hef hvorki heyrt eða séð þessa konu síðan. Þetta skeður held ég allt of oft með hugmyndir sem þarfnast frekari þróunar

við.“

- Útlitið er samt ágætt í leikfangasmíðinni, er það ekki?

Jú, og það er vegna þess að ég stend alfarið í þessu sjálfur. Ég næ að halda utan um fjárhagshliðina á því dæmi, en það hefði ég ekki getað með sorpverksmiðjuna eða snjóþjökkunarvélin, segir Örnólfur Guðmundsson.

Ef til vill eiga menn eins og Örnólfur sér viðreisnar von í framtíðinni þótt hugmyndir þeirra falli í grýttan jarðveg eins og er. Eitt er víst að Vestfirðir hafa ekki, eins og sakir standa a.m.k., efni á að kasta frá sér hugmyndum að óat-huguðu máli, hugmyndum sem átt gætu þátt í að styrkja byggð sem á undir högg að sækja. Hugmyndaauðgi er kostur sem meta þarf mönnum til tekna, því hvað er hægt að kalla samfélag hugmynda-snaudra og dofinna íbúa? Orðið sem kemur fyrst upp í hugann sem svar er, - **stein-gelt!**



Bílarnir eru dregnir með léttari stöng, en ekki með bandi. Það er auðvitað til að hægt sé að bakka. Já, Örnólfur hugsar fyrir minnstu smáatriðum.

**TILBOÐ
HETTUPEYSA
KR. 3.990.-**



**TILBOÐ
RENND
HETTUPEYSA
KR. 4.990.-**


Í SPORT

LJÓNINU / SKEIÐI / SÍMI 456 3710 / FAX 456 4454



Úrval jólagjafa fyrir dömur og herra

**Sloppar
Náttföt
Veski
Slæður
Ilmir
Undirföt
í öllum
stærðum**



Gleðileg jól!
KRISMA
Ljóninu Skeiði
4414

Hátíðardagskrá sjónvarpsst



23.DESEMBER.1997

09.00 Línurnar í lag
09.15 Sjónvarpsmarkaðurinn
13.00 Lassi (e)
14.30 Systurnar (10:28) (e)
(Sisters)
15.15 Á norðurslóðum (11:22)
16.00 Unglingsárin
16.25 Bíbí og félagar
17.25 Glæstar vonir
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
18.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Madison (13:39)
20.30 Barnfóstran - teiknimynd
21.00 Gerð myndarinnar Benjamín Dúfa (e)
21.20 Algjör jólasveinn
23.00 Forrest Gump (e)
01.20 Dagskrárlok

24.DESEMBER.1997

09.00 Sígild ævintýri
09.45 Bærin sem jólasveinninn gleymdi
10.10 Bíbí og félagar
11.05 Jólasagan
11.35 Hrói og eyðimerkubörnin
12.05 Ævintýraferðin
13.30 Fréttir
14.00 Kraftaverk á jólum (e)
(Miracle on 34th Street)
15.50 Jólasveinn og töframaðurinn
Skemmtilegur þáttur um litla greifingjann sem hélt að það yrðu engin jól því jólasveinninn hafði veikst.
16.15 Íþróttir um allan heim
17.05 Hlé á dagskrá
20.00 Uppáhaldslagið mitt
Uptaka frá tónleikum Sin-fóníuhljómsveitar Íslands
20.30 Jól með Pavarotti
(Christmas With Pavarotti)
Mögnuð ný upptaka frá jólatónleikum Luciano Pavarottis í Notre-Dame dómkirkjunnar í Montreal.
21.25 Kleópatra
(Cleopatra)
Klassísk stórmynd sem hlaut fern Óskarsverðlaun en var þó ekki kjörin besta mynd ársins þótt hún hafi verið tilnefnd sem slík.
01.20 Dagskrárlok

25.DESEMBER.1997

09.00 Töfrasnjókarlinn
10.25 Með afa
11.05 Litla prinsessan
(The Little Princess)
12.40 Fálkamaerin (e)
(Ladyhawke)
14.40 Bjargvættir (e)
(Mixed Nuts)
16.15 Hátíð með Placido
17.50 Jólakirkjur (e)
18.25 Koppelía
19.30 Fréttir
19.50 Íslands þúsund ár
Leikin heimildarmynd sem Erlendur Sveinsson frumsýndi í mars á þessu ári. Myndin fjallar um einn dag í lífi og starfi árabátasjómannna á vetrarvertíð fyrir tíma tæknialdar. Þessum eina degi er ætlað að endurspegla sjósókn Íslendinga í þau þúsund ár sem árabátöld var við lýði á Íslandi.
20.50 Benjamín Dúfa
Frábær íslensk bíómynd fyrir alla fjölskylduna sem gerð er eftir verðlaunasögu Friðriks Erlingssonar.
22.25 Brýrnar í Madisonsýslu
00.45 Síðasti Móhikaninn (e)
(The Last of the Mohicans)
02.35 Pelican-skjalið (e)
(Pelican Brief)
04.55 Dagskrárlok

26.DESEMBER.1997

09.00 Óli Lokbrá (e)
09.25 Bangsarnir sem björguðu jólnum
10.10 Bíbí og félagar
10.45 Jólasagan
11.10 Ævintýri Mumma
11.30 Skrifað í skýin
11.45 Tónaflóð
(The Sound of Music)
14.30 Lata stelpa
